

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 26. febrúar 2024

Mál nr. E-3098/2022:

A

(Björgvin Þórðarson lögmaður)

gegn

**DK Hugbúnaði ehf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(Ólafur Lúther Einarsson lögmaður)

og

**Orkuveitu Reykjavíkur**

(Guðmundur Siemsen lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta var höfðað 28. júní 2022 og tekið til dóms 29. janúar 2024. Stefnandi er A, [...]. Stefndu eru DK Hugbúnaður ehf [...], Kópavogi, Vátryggingafélag Íslands hf. [...], Reykjavík, og Orkuveita Reykjavíkur, [...], Reykjavík.
- Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefndu DK Hugbúnaðar ehf. og Orkuveitu Reykjavíkur vegna líkamstjóns sem rætur á að rekja til viðveru hennar í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, Reykjavík, frá júní 2016 til mars 2017 þar sem hún vann sem starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf. Auk þess er krafist viðurkenningar á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu DK Hugbúnaðar ehf. hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna líkamstjóns sem rætur á að rekja til viðveru hennar í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur [...], Reykjavík, frá júní 2016 til mars 2017 þar sem hún vann sem starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf.
- Stefnandi gerir kröfu um málskostnað úr hendi stefndu.
- Stefndu, DK hugbúnaður ehf. og Vátryggingafélag Íslands hf., krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi. Stefndi, Orkuveita Reykjavíkur, krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að skaðabótaskylda stefnda verið aðeins viðurkennd að hluta. Stefndi krefst þess jafnframt að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað.

## Málsatvik

- Mál þetta lýtur að kröfu stefnanda um viðurkenningu skaðabótaskyldu sem er byggð á því að hún hafi orðið fyrir heilsutjóni í starfi hjá stefnda DK Hugbúnaði ehf. á tímabilinu

frá júní 2016 til mars 2017 vegna ástands fasteignar stefnda Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík á því tímabili.

6. Stefnu DK Hugbúnaður ehf. og Orkuveita Reykjavíkur gerðu með sér leigusamning 5. desember 2013 þar sem stefndi DK Hugbúnaður ehf. tók á leigu suðurhluta 4. hæðar í svonefndu vesturhúsi Bæjarháls 1. Orkuveita Reykjavíkur hafði þá nýverið selt húsið Fossi fasteignafélagi slhf. en samhliða þeirri sölu undirrituðu þeir aðilar samning um leigu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur á fasteigninni til 20 ára, frá 1. nóvember 2013 til 1. nóvember 2033. Tekið var fram í leigusamningnum að stefndi Orkuveita Reykjavíkur sem leigutaki bæri ábyrgð á öllu viðhaldi, hvort sem væri utanhúss eða innanhúss.
7. Stefnandi DK Hugbúnaður ehf. var með starfsemi sína að Bæjarhálsi 1 fram til 1. júní 2017 er starfsemin var flutt á Smáratorg 3 í Kópavogi, í húsnæði sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur tók á leigu í þessum tilgangi, en tilefni flutninganna var rakaskemmdir sem fundist höfðu í hinu leigða húsnæði að Bæjarhálsi 1.
8. Stefnandi hóf störf hjá stefnda DK hugbúnaði ehf. í apríl 2014 en hefur verið óvinnufær frá því í apríl 2018. Stefnandi starfaði sem [...]
9. Upplýst er að stefnandi vann á starfsstöð stefnda DK hugbúnaðar ehf. að Bæjarhálsi 1 á 4. hæð hússins fram í febrúar 2017 frá því að hún hóf störf 2014, en þá fluttist hún til innanhúss niður á 1. hæð hússins þar sem hún vann út febrúar 2017. Hinn 1. mars 2017 hóf hún síðan að vinna fyrst og fremst í fjarvinnu utan vinnustaðarins af heilsufarslegum ástæðum. Hún mun frá þeim tíma lítt eða ekki hafa komið í húsnæði þessa stefnda að Bæjarhálsi 1. Hún kom síðan til starfa á starfsstöð stefnda DK Hugbúnaðar ehf. í júní 2017 eftir að starfsemin hafði verið flutt að Smáratorgi 3 hinn 1. júní 2017. Þar var hún við störf þar til hún lét af störfum vegna heilsuþrengingar í apríl 2018, eins og áður gat. Byggt er á því af hálfu stefnanda að hún hafi orðið fyrir bótaskyldu heilsutjóni á tímabilinu 1. júní 2016 til 1. mars 2017 er framkvæmdir við endurbætur vegna rakaskemmda og myglu áttu sér stað á 4. hæð Bæjarháls 1, eins og nánar verður rakið hér síðar.
10. Skrifstofuhúsnæði stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur, að Bæjarhálsi 1 var reist á fyrstu árum þessarar aldar. Húsnæðið skiptist í tvo meginhluta, svokölluð austur- og vesturhús, sem tengd eru saman með tengigöngum og glerhjúp. Gallar sem fólust í umtalsverðum leka komu í ljós áður en húsið var formlega tekið í notkun um haustið 2004, fyrst árið 2002 og síðan í febrúar 2004. Í úttekt sem fram fór 7. ágúst 2004 var getið um umtalsverðan leka, aðallega á austurhlið vesturhúss fasteignarinnar. Viðgerðir á

útveggjaklæðingu fóru í kjölfarið fram á suðausturhlíð vesturhússins, sunnan hvolfrymis sem tengir austur- og vesturhluta fasteignarinnar saman.

11. Í tilefni af sölu fasteignarinnar til Foss fasteignafélags slhf. á árinu 2013 gerði verkfræðistofan Verkís úttekt á eigninni og skilaði skýrslu þar að lútandi í mars 2013. Liður í þeirri úttekt var rakamælingar af hálfu Frumherja hf. að beiðni stefnda Orkuveitu Reykjavíkur til að kanna hvort raka væri að finna í húsnæðinu vegna ummerkja um leka sem starfsmenn Verkís hefðu orðið varir við. Þessar mælingar fóru fram í febrúar 2013 og beindust að tilgreindum stöðum á 2. og 3. hæð vesturhússins og fólust í því að leitað var að raka og myglusvepp. Hvorki raki né mygla fundust við skoðunina.
12. Á árinu 2014 munu fyrst hafa komið fram kvartanir frá einum starfsmanna stefnda Orkuveitu Reykjavíkur um að hann fyndi fyrir einkennum sem hefðu áhrif á heilsufar hans. Starfsmaðurinn, sem kom fyrir dóm, greindi frá því að hafa verið frá vinnu af öðrum heilsufarsástæðum um nokkra hríð á árinu 2015 en er hún sneri til baka til vinnu hefði hún strax orðið mjög vör við sams konar einkenni og hún hafði áður fundið fyrir er hún var við störf í húsnæðinu og því vakið athygli á grunsemdum sínum um slök loftgæði í vesturhúsi Bæjarháls 1.
13. Í kjölfar þessara kvartana starfsmannsins var verkfræðistofan Efla fengin til að rannsaka 2. hæð í vesturhúsi húsnæðis stefnda Orkuveitu Reykjavíkur þar sem starfsmaðurinn hafði sinnt störfum. Verkfræðistofan var með sérhæfða starfsmenn í sinni þjónustu sem höfðu reynslu og þekkingu af vandamálum tengdum loftgæðum í fasteignum. Rannsókn Eflu leiddi til þess að rakaskemmdir fundust í vesturhúsi og var verkfræðistofunni falið að gera úttekt á orsökum þeirra, kanna ástand húsnæðisins og gera áætlanir um úrbætur.
14. Við rannsóknina sem gerð var af þessu tilefni voru tekin sýni 21. ágúst 2015 á 2. hæð vesturhúss og þau send Náttúrufræðistofnun Íslands til greiningar. Tilkynnt var af hálfu stofnunarinnar 4. september 2015 að mygla hefði greinst í einu sýnanna. Fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3874/2022 frá 4. apríl 2023, sem hefur fullt sönnunargildi um málsatvik, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að af hálfu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur hafi tvisvar verið haft samband símleiðis við Vinnueftirlitið í september 2015 í tilefni af þessari uppgötvun, að myglu væri til að dreifa, en sérfræðingi þessa stefnda í vinnuverndarmálum hafi verið tjáð að eftirlitið færi ekki í eftirlitsferðir til að meta aðstæður sem þessar.
15. Stefndi Orkuveita Reykjavíkur greindi starfsmönnum sínum skriflega frá þeirri niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar frá 11. september 2015 að fundist hefðu sveppagró í

sýnum úr húsnæði þjónustuvers á 2. hæð og þess getið að það rými yrði skoðað enn betur næstu daga og vinnusvæðið yrði rýmt af þessum sökum. Fram kom í orðsendingunni að húsnæðið hefði verið skoðað tveimur árum fyrir án þess að sveppagró myndast en nú yrðu öll skrifstofurými á Bæjarhálsi skoðuð. Þess var getið að stefndi hefði fengið sér til ráðgjafar sérfræðinga frá verkfræðistofunni Eflu. Tekið var fram að viðgerð kæmi í langflestum tilvikum alveg í veg fyrir óæskileg áhrif vegna raka eða sveppagróa og sagt að óvíst væri hve lengi þjónustuverið yrði á öðrum stað í húsnæðinu; það réðist af niðurstöðu frekari skoðunar og umfangi viðgerða í framhaldinu. Starfsmenn DK Hugbúnaðar ehf. höfðu ekki aðgang að innri vef stefnda Orkuveitunnar en munu hafa frétt af þessu á skotspónum í samskiptum við starfsmenn stefnda Orkuveitunnar.

16. Rannsóknir á vegum verkfræðistofunnar Eflu fóru fram á næstu vikum og sýni voru tekin og send til greiningar hjá Náttúrufræðistofnun. Niðurstaða stofnunarinnar lá fyrir 16. október 2015 og greindist eitt af fimm sýnum vera alveg hreint en mismikil mygla eða ummerki um sveppagró greindust í hinum.
17. Forsvarsmanni stefnda DK hugbúnaðar ehf. var send tilkynning af hálfu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur 29. október 2015 og árétting 30. október sem og forsvarsmönnum annarra leigutaka að Bæjarhálsi 1. Þar var boðað til almenns starfsmannafundar 30. október vegna framangreindra tíðinda af rakaskemmdum í húsnæðinu. Þess var sérstaklega óskað að fundarboðið yrði framsent til starfsfólks leigutakanna. Rakið var í fundarboðinu að fjallað yrði um alvarlegar rakaskemmdir á húsnæðinu og að unnið væri að mati á umfangi þeirra. Tekið var fram að hluti starfsemi stefnda Orkuveitu Reykjavíkur yrði færður til í húsinu og unnið væri að áætlun með sérfræðingum frá Eflu um það hvernig viðgerð yrði háttað. Undirbúningur og framkvæmd viðgerða myndi taka nokkuð langan tíma og röskun yrði á starfsemi í húsinu á meðan. Sérstaklega var tekið fram að gripið yrði til aðgerða til að draga úr hugsanlegum áhrifum á heilsu starfsfólks. Rakið var að engin sveppagró hefðu fundist þegar húsið hefði verið skoðað 2013 en komið hefði í ljós við skoðun 2015 að plötur á ytra byrði hússins hefðu losnað og því yrði farið yfir festingar þeirra allra á næstu vikum. Þess var getið að skemmdirnar hefðu uppgötvast í lok ágúst. Á fundinum voru sérfræðingar frá verkfræðistofunni Eflu sem gerðu grein fyrir þeim könnunum sem fram höfðu farið og sýndu ljósmyndir af skemmdum sem höfðu uppgötvast. Einnig mun hafa verið farið yfir möguleg áhrif á heilsu starfsmanna og vinnuumhverfi, heilsufarsáhrif myglu og mögulegar mótvægisáðgerðir. Enn fremur var vísað á tengiliði, að unnt væri að leita til starfsmanns

stefnda sem væri sérfræðingur í vinnuverndarmálum. Á því er byggt í málinu af hálfu stefnanda, og það án andmæla af hálfu stefnda DK Hugbúnaðar ehf., að þessi orðsending og fundarboð hafi ekki borist starfsmönnum fyrirtækisins, þar með talið stefnanda. Nefndan dag, 30. október, fjallaði forstjóri stefnda Orkuveitu Reykjavíkur um málið í viðtali við Morgunblaðið á svipuðum nótum og í orðsendingunni til starfsmannanna.

18. Verkfræðistofan Efla gaf út ástandsmat í janúar 2016 sem lýsti úttekt á ytra byrði vesturhúss Bæjarháls 1 og var skemmdum á húsnæðinu lýst. Fram kom að austurhlið vesturhúss væri lek og ummerki væru um leka á suður- og norðurgafli hússins. Lagt var til að ráðist yrði í viðgerðir og endurbætur á gluggakerfi og ytra byrði austurhliðar vesturhúss til að koma í veg fyrir áframhaldandi leka og rakaskemmdir af þeim völdum. Þá þyrfti að skoða ástand á norður- og suðurgöflum og vesturhlið hússins nánar. Þá var einnig bent á að skoða þyrfti nauðsynlegar endurbætur innanhúss og áhrif þeirra á rekstur í húsnæðinu. Rakið var að þeir valkostir sem kæmu til greina við úrbætur væru allir mjög kostnaðarsamir og í sumum tilvikum mikið inngríp í útlit hússins en ekki væri hægt að koma í veg fyrir leka nema með róttækum aðgerðum. Af þeim sökum þyrfti að skoða betur hagkvæmni og öryggi allra valkosta áður en ráðist yrði í svo umfangsmiklar aðgerðir. Þá þyrftu að fara fram viðgerðir innanhúss á rakaskemmdum og samræma yrði þær viðgerðum utanhúss..
19. Stefndi Orkuveita Reykjavíkur fól ofnæmis- og ónæmissjúkdómalækni í febrúar 2016 að annast viðtöl við starfsmenn og rannsaka þá sem teldu sig vera með einkenni vegna myglu til viðbótar við þann aðgang sem starfsmenn höfðu haft að sérfræðingum Eflu, en þar á meðal var hjúkrunarfræðimenntaður starfsmaður. Sá starfsmaður fékk það hlutverk að vísa starfsmönnum áfram til læknisins þegar tilefni gafst til. Starfsmönnum stefnda DK hugbúnaðar ehf. stóð þessi þjónusta til boða eins og starfsmönnum stefnda Orkuveitu Reykjavíkur.
20. Stefnda DK Hugbúnaði ehf. var send orðsending 18. febrúar 2016 þar sem frá því var greint að sérfræðingar Eflu myndu koma í næstu viku og gera könnunargöt á vegginnandryra á suður-, norður- og austurhlið vesturhúss sem yrði svo lokað daginn eftir. Tilgangurinn var að ganga úr skugga um að enginn leki væri á þessum hliðum áður en hafist væri handa við viðgerðir á austurhliðinni. Þessari orðsendingu mun ekki hafa verið komið á framfæri við starfsmenn stefnda. Ný orðsending um framkvæmdina var send forsvarsmanni félagsins meðal annarra 9. mars 2016. Þessari orðsendingu mun ekki heldur hafa verið komið á framfæri við starfsmenn stefnda en fram kom fyrir dómi að

Það rask sem þessari könnun fylgdi hefði vakið upp spurningar hjá starfsmönnum DK Hugbúnaðar ehf. eftir því sem fram kom í vitnisburði Hafsteins Róbertssonar sem var trúnaðarmaður starfsmanna fyrirtækisins á þessum tíma.

21. Forsvarsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. óskaði með orðsendingu sem send var 21. mars 2016 eftir fundi með stefnda Orkuveitu Reykjavíkur til að afla upplýsinga um myglumál. Tilfni fundarins var fyrrnefnd opnun á innra byrði útveggja á 4. hæð vegna mats á raka- og mygluskemmdum. Hópstjóri rekstrarþjónustu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur svaraði orðsendingunni skriflega og upplýsti um stöðu mála, þar á meðal að komið hefði í ljós leki sem valdið hefði myglu við könnun með áðurgreindum götum sem gerð höfðu verið. Rakið var að áætlað væri að viðgerðir hæfust á austurhlið vesturhúss í maí 2016 en jafnframt yrðu aðrar hliðar hússins kannaðar til þrautar með tilliti til leka. Einnig kom fram að loftræstikerfi húsnæðisins væri öflugt og gætt væri að því að hafa undirþrýsting í viðverurýmum til þess að takmarka áhrif myglu. Fullyrt var að um 20% starfsfólks gætu fundið fyrir áhrifum af myglu og því áréttað að lögð væri áhersla á það af hálfu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur að ef einhver starfsmaður stefnda DK hugbúnaðar ehf. fyndi fyrir einkennum yrði stefnda Orkuveitunni gert viðvart og viðkomandi starfsfólki vísað til sérfræðinga verkfræðistofunnar Eflu. Í samræmi við framangreinda ósk mun fundur hafa verið haldinn 30. mars sama ár.
22. Þennan sama dag, 30. mars 2016, sendi forsvarsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. orðsendingu til allra starfsmanna fyrirtækisins og greindi frá framangreindum fundi með starfsmanni stefnda Orkuveitunnar og þeim upplýsingum sem hún hefði komið á framfæri vegna rakaskemmda á húsnæðinu. Rakið var að í ljós hefði komið við gerð nefndra könnunargata að um leka frá ofnum hefði verið að ræða í einhverjum mæli sem leitt hefði til rakaskemmda og myglu neðst á veggjum niðri við gólf. Fyrir dyrum stæði að hreinsa allt efni brott sem væri með myglu, farga því og setja nýtt í þess stað. Fylgst væri ítarlega með loftgæðum í loftræstikerfinu og mælingar sýndu að loftgæðin væru í góðu lagi. Bent var á að ef starfsmenn fyndu fyrir einhverjum einkennum sem þeir teldu mögulega vera vegna áhrifa frá myglu ættu þeir endilega að hafa samband við hópstjóra rekstrarþjónustu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem myndi aðstoða starfsmenn við að fá greiningu, eins og komist var að orði. Stefnandi greindi frá því fyrir dómi að í þessari orðsendingu hefðu verið fyrstu upplýsingarnar sem borist hefðu frá fyrirtækinu vegna myglu og styðst sá framburður meðal annars við vitnisburð trúnaðarmanns starfsmanna sem áður er getið.

23. Stefndi Orkuveita Reykjavíkur birti á innri vef sínum, sem starfsmönnum þess stefnda var aðgengilegur, tilkynningu 1. júní 2016 um að viðgerðir væru að hefjast á Bæjarhálsi 1 og þess getið að verkið sjálft myndi hefjast 20. júní. Það yrði að mestu unnið utan frá en einnig fjarlægt skemmt veggjaefni innan frá þar sem þörf krefði.
24. Á vegum verkfræðistofunnar Eflu var unnið áfram að úttekt á ástandi fasteignarinnar. Minnisblað er laut að þessum rannsóknum, sem dagsett er 7. júní 2016, var kynnt fyrir forsvarsmönnum stefnda Orkuveitu Reykjavíkur. Þar kom fram að við rannsókn liðinna mánaða hefðu fjölmargir gallar komið í ljós á útveggjum og útbreiddar rakaskemmdir verið staðfestar. Í minnisblaðinu var því meðal annars lýst hvernig ætti að vinna að úrbótum til að fjarlægja myglu úr húsinu. Þar sagði að við framkvæmdir innandyra yrði að hólfa viðkomandi rými alveg af og fjarlægja allt rakaskemmt byggingarefni, fylgja bæri ströngum verkferlum við þessa framkvæmd. Jafnframt var lagt til að starfsmannafundur yrði haldinn til kynningar á raka og myglu og þar farið yfir hvar eitthvað hefði fundist á hverri hæð. Starfsmönnum yrðu veittar almennar leiðbeiningar auk þess að boðið yrði upp á viðtöl hjá ráðgjöfum verkfræðistofunnar og læknisheimsókn í kjölfarið ef þörf yrði talin á því. Einnig var þess getið að starfsmenn yrðu fluttir til eftir þörfum eða þeim boðið upp á að vinna að heiman ef þess væri kostur.
25. Forsvarsmanni stefnda DK hugbúnaðar ehf. var send orðsending 9. júní 2016 og þar kynntur starfsmannafundur sem ráðgerður var 14. júní fyrir starfsmenn þessa stefnda með sérfræðingum verkfræðistofunnar Eflu. Orðsendingin innihélt þá orðsendingu sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur hafði sent starfsmönnum sínum þar sem gerð var grein fyrir þeirri stöðu sem upp væri komin og hvernig til stæði að bregðast við henni. Þessi tölvupóstur mun hafa verið framsendur starfsmönnum stefnda DK Hugbúnaðar ehf.
26. Forsvarsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. sendi starfsmönnum fyrirtækisins samdægurs fundarboð í samræmi við framangreinda orðsendingu. Greint var frá því að á fundinum yrði farið yfir stöðu mála vegna rakaskemmda í fasteigninni. Forsvarsmaðurinn hvatti starfsmenn til að mæta á fundinn, hlusta á sérfræðingana og spyrja um allt það sem þeim kynni að detta í hug varðandi þessar rakaskemmdir. Þess var getið að gert væri ráð fyrir að fundurinn stæði í 30 mínútur.
27. Starfsmannafundir voru síðan haldnir 14. júní 2016 þar sem tveir sérfræðingar Eflu fjölluðu meðal annars um myglu og einkenni myglu auk þess sem farið var yfir skipulag framkvæmdanna í húsnæðinu og breyttar áherslur viðgerðanna sem fólu í sér umfangsmeiri viðgerðir innandyra en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Sérstakur

fundur var haldinn fyrir starfsmenn stefnda DK Hugbúnaðar ehf. þar sem framangreint var rakið og farið yfir glærukynningar er lutu að svonefndri innivist og myglusveppum og hvernig reynt yrði að hindra að mengun vegna myglu myndi berast um húsið. Þá var kynnt að starfsmenn gætu leitað til hjúkrunarfræðings sem sérhæft hefði sig í heilsufarsáhrifum myglu og veita myndi ráð og síðan vísa fólki áfram til sérfræðilæknis eftir því sem þörf krefði. Margrét Kristín Björnsdóttir, sem starfaði sem þjónustufulltrúi hjá stefnda eins og stefnandi, bar um það fyrir dómi að það hafi verið með á þessum fundi sem starfsmenn hefðu frétt af þessum rakaskemmdum og myglu. Upplýsingagjöf stefnda DK Hugbúnaðar ehf. hefði verið mjög lítil og mjög léleg. Fleiri þáverandi starfsmenn stefnda sem komu fyrir dóm báru á svipaða lund í þeim efnunum. Þannig bar Magnús Axel Hansen ráðgjafi um að ekkert frumkvæði hefði komið frá fyrirtækinu heldur hefði stefndi verið *reaktívur* gagnvart starfsmönnum með einkenni, eins og komist var að orði.

28. Forsvarsmanni stefnda DK hugbúnaðar ehf. var sendur bæklingur með almennum upplýsingum um innivist sem verið hafði til umfjöllunar á nefndum fundi. Þess var óskað að bæklingurinn yrði sendur áfram á starfsmenn fyrirtækisins og að þeim sem fyndu fyrir einkennum yrði bent á að panta viðtal hjá hjúkrunarfræðingi Eflu. Netfang hjúkrunarfræðingsins fylgdi með í orðsendingunni. Gögnum er ekki til að dreifa sem staðfesta að bæklingurinn hafi verið framsendur en í framburði stefnanda kom þó fram að hún var kunnug efni bæklingisins.
29. Verkfræðistofan Efla gaf út nýtt minnisblað 27. júní 2016 þar sem staða málsins var rakin og þess getið meðal annars að þegar í ljós hefði komið að skemmdir á húsinu væru til muna umfangsmeiri en menn hefðu talið hefði komið til álita að fresta aðgerðum um eitt ár, endurhanna aðgerðir og bjóða verkið út í heild. Á sama tíma hefði á hinn bóginn komið í ljós að veikindi væru mun útbreiddari og alvarlegri en áður hefði legið fyrir. Sökum þessara alvarlegu veikinda hefði verið tekin ákvörðun um að fresta ekki aðgerðum heldur halda sig við aðgerðaáætlunina sem kynnt hafði verið fyrir starfsmönnum. Tekið var fram að mygla væri þeim mun alvarlegri sem hún væri nær fólki og gæti haft bein óhindruð áhrif á starfsmenn. Því hefði verið ákveðið að skipta um klæðningu innan á útveggjunum samhliða viðgerðum að utan á austurhliðinni og halda síðan áfram viðgerðum inni í beinu framhaldi um veturinn. Fram kom að hannaður hefði verið útbúnaður til að skerma af vinnusvæðið innandyra frá starfsfólki og hindra að mengun bærast um húsið. Sérfræðingur Eflu, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, sem vann að ráðgjöf vegna rakaskemmda og myglu í húsinu kom fyrir dóm og bar um að sú aðferð

sem fólst í nefndri skermun samhliða því að undirþrýstingi væri haldið á loftræstikerfi hússins fæli í sér bestu mögulegu framkvæmd við aðstæður sem þessar og væri beitt enn í dag þar sem við ætti.

30. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það á hvaða degi framkvæmdir hófust á 4. hæð Bæjarháls 1. Í málatilbúnaði stefnanda er lagt til grundvallar að það hafi verið í lok júní 2016 og því vísað til júní í dómkröfum. Gögn málsins eru ekki einhlít um þennan upphafsdag en málatilbúnaður stefnanda hvað þetta atriði varðar sætti ekki andmælum stefndu. Á grunni málsforræðis aðila verður því lagt til grundvallar að framkvæmdir hafi hafist á 4. hæðinni, sem stefndi DK Hugbúnaðar ehf. hafði á leigu, í lok júnímánaðar. Hópstjóri rekstrarþjónustu hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sendi forsvarsmanni stefnda DK hugbúnaðar ehf. orðsendingu 2. ágúst 2016 þar sem frá því var greint að niðurrif og enduruppbygging í tilgreindum áfanga tæki um sjö vikur í suðurenda og fjórar vikur í norðurenda hússins. Vonir stæðu til að vinna við niðurrif myndi hefjast á þeirra hæð í kringum 8. ágúst eða í vikunni þar á eftir en vandræði væru með mannskap til að sinna verkinu.
31. Staðið var þannig að verki að áður en hafist var handa við að rífa klæðningu og annað byggingarefni innan af austurvegg 4. hæðar var settur upp léttur tréveggur eftir endilangri 4. hæðinni með fram austurúttegnum allt fram að stigagangi hússins. Veggurinn mun hafa verið samsettur úr timburgrind klæddri spónaplötum og byggingaplasi. Iðnaðarmenn höfðu þannig greiðan aðgang að útvegg hússins öðrum megin við léttu vegginn en starfsmenn stefnda DK Hugbúnaðar ehf. sem unnið höfðu úti við glugga austan megin á hæðinni færðust fjær útveggnum og voru ásamt öðrum starfsmönnum fyrirtækisins nokkuð aðþrengdir handan þessa tréveggjar.
32. Þeir starfsmenn DK Hugbúnaðar ehf. sem komu fyrir dóm og báru um aðstæður eftir að milliveggnum hafði verið komið upp hafi verið þannig að veggurinn hefði ekki verið loftþéttur í fyrstu. Byggingaplast hefði ekki verið sett ofan hann þar sem sést hefði upp í rýmið fyrir ofan loftaplötur og veggurinn verið ómálaður. Einn samstarfsmanna stefnanda, Magnús Axel Hansen, gat þess að kuldi og raki hefði átt greiða leið undir vegginn og meðfram honum. Ýmsir starfsmenn könnuðust við að hafa orðið fyrir áhrifum í öndunarfærum vegna þessa og jafnvel þurft að taka ofnæmislyf til að bregðast við. Sviðsstjóri þjónustudeildar stefnda, Kristín Þorgeirsdóttir, sem stefnandi starfaði í, bar meðal annars um slíka lyfjatöku auk þess sem hún hefði brugðist við og krafist þess að betur yrði gengið frá veggnum, hann málaður og sett plast í kringum hann. Stefnandi bar

um það fyrir dómi, sem er í samræmi við málatilbúnað hennar, að hún hefði aldrei áður fundið til þeirra líkamlegu sjúkdómseinkenna sem hún fór að finna fyrir strax í kjölfarið. Kristín staðfesti það að hafa orðið vör við þessi einkenni stefnanda á sama tíma. Fram kom fyrir dómi af hálfu vitna að fleiri starfsmenn hefðu fundið til einkenna í kjölfar þess að framkvæmdir hófust og þar á meðal tveir auk stefnanda sem hefðu fundið til mikilla einkenna. Vinnuaðstaða starfsmanna stefnda DK Hugbúnaðar hefði verið verulega aðþrengd þar sem önnur hlið álmunnar á hæðinni hefði verið stúkuð af og enginn opnanlegur gluggi verið þeim megin sem starfsaðstaða stefnanda var. Einungis hefði verið unnt að opna glugga á vesturhluta álmunnar en er framkvæmdir hófust hefðu starfsmenn misst aðgengi að gluggum á suður- og austurhlið hússins. Þetta hefði valdið slæmum loftgæðum á köflum auk þess sem ekki hefði alltaf verið hægt að opna glugga vegna vinda og kulda þar sem þeim starfsmönnum sem sátu við gluggana hefði orðið of kalt. Svandís Ragnarsdóttir sem starfaði sem móttökuritari hjá stefnda tók svo djúpt í árinna í framburði sínum fyrir dómi að þetta hafi verið hræðilegt starfsumhverfi.

33. Stefnandi byggir á því að viðbrögð stefnda DK Hugbúnaðar ehf. við veikindum starfsmanna hafi í fyrstu verið takmörkuð og á sú staðhæfing stoð í framburðum vitna sem báru um þetta fyrir dómi. Fyrir liggur útprentun á rafrænni skráningu á veikindadögum stefnanda meðal annars á því tímabili sem afmarkað er í dómkröfu, júní 2016 til mars 2017. Fram kom fyrir dómi að stefnandi hefði annast þessar skráningar sjálf en það mun hafa verið verklagið hjá fyrirtækinu að starfsmenn skráðu eigin veikindi. Stefnandi bar um það að hún hefði skráð veikindi þegar hún hefði verið frá vinnu heila daga en ekki ef hún til dæmis hefði náð að slá á einkenni með verkjalyfjum, eins og til dæmis 27. júní 2016 er hún sendi yfirmanni sínum orðsendingu um að hún kæmi síðar um daginn er hún yrði orðin betri af höfuðverk. Samkvæmt áðurnefndu yfirliti var stefnandi frá vinnu samfelld í fjóra daga í ágúst, og einnig samfelld í fjóra daga í september. Í október eru engin forföll skráð en í nóvember samtals sex dagar, þar af í tvígang samfelld veikindi í þrjá daga. Engin veikindi eru skráð í desember og janúar en tveggja daga samfelld veikindi í febrúar. Á því átta mánaða tímabili sem afmarkað er í dómkröfu stefnanda var hún þannig frá vinnu í 18 vinnudaga. Stefnandi byggir á að hún hafi fundið til einkenna alla þá daga sem hún hafi verið í húsnæði stefnda á 4. hæð Bæjarháls 1. Vitni úr hópi samstarfsmanna staðfestu það fyrir dómi. Magnús Axel Hansen tók svo til orða að vanlíðan stefnanda hefði *ekki farið fram hjá nokkrum manni*. og á sömu lund bar Margrét Kristín Björnsdóttir: *við sáum þetta öll*.

34. Þá kom fram í framburði vitna að starfsaðstaðan hefði oft verið rædd meðal starfsmanna og við forsvarsmenn stefnda DK Hugbúnaðar ehf. Raunar kom einnig fram af hálfu forsvarsmanns stefnda að fyrirtækið hefði verið ósátt við aðstæðurnar og hefði þrýst á stefnda Orkuveitu Reykjavíkur en einnig vísað til þess að þær úrbætur sem ráðist var í hefðu átt að standa um skamma hríð. Um þetta bera merki orðsendingar sem forsvarsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. sendi starfsmönnum 4. nóvember 2016 og 16. desember sama ár.
35. Rétt er í þessu samhengi að halda því til haga að hópstjóri rekstrarþjónustu hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sendi orðsendingu 24. nóvember 2016 til stefnda DK Hugbúnaðar ehf. og minnti á netfang hjúkrunarfræðings Eflu og tilgreindi það. Stefndi var hvattur til að senda þessar upplýsingar til starfsfólks fyrirtækisins ef það óskaði eftir viðtalstíma. Ekki liggja fyrir gögn eða upplýsingar um að það hafi verið gert.
36. Tilefni orðsendingarinnar sem send var 16. desember af forsvarsmanni stefnda DK Hugbúnaðar ehf. til starfsmanna félagsins var útgáfa greinargerðar verkfræðistofunnar Eflu sem var dagsett 7. sama mánaðar. Í greinargerðinni var fjallað um rannsóknir og prófanir á gluggakerfum og klæðningu fasteignarinnar að Bæjarhálsi 1. Þar sagði meðal annars að loftgæðamælingar hefðu verið framkvæmdar án athugasemda en sjónræn skoðun hefði leitt í ljós að ofnlekar og lekar með útveggjakerfi væru að valda skemmdum á innsta hluta byggingarhluta og einnig Viroc-plötum í útveggjakerfum. Sú ályktun var dregin af þessum rannsóknum og prófunum að meðal annars væri þörf á að fjarlægja allt byggingarefni af útveggjakerfi innandyrna og hreinsa rakaskemmdir af útveggjakerfinu. Fram kom einnig að fyrirliggjandi rakaskemmdir í útveggjum gætu mögulega ógnað heilsu starfsmanna og að ekki væri hægt að fresta framkvæmdum innandyrna. Þá ættu agnir frá framkvæmdum ekki að hafa áhrif innandyrna þar sem undirþrýstingur hafði verið nánast stanslaust allan framkvæmdatímamann á viðgerðarsvæðum. Áréttað var þó að mikilvægt væri að framkvæmdirnar væru rétt unnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar hverju sinni til að hafa stjórn á aðstæðum, þar á meðal að fylgst væri með starfsfólki og því gert kleift að færa sig ef það fyndi fyrir einkennum.
37. Fyrir liggur skjal frá verkfræðistofunni Eflu, dagsett 15. desember 2016, sem ber fyrirsögnina fundargerð en er auðkennt sem drög. Meðal tilgreindra fundarmanna eru sérfræðingar verkfræðistofunnar, þar á meðal áðurnefnd Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, starfsmenn stefnda Orkuveitu Reykjavíkur og áðurgreindur ofnæmis- og ónæmissjúkdómalæknir, [...]. Tilefni fundarins var sagt lúta að spurningu þessa stefnda

frá 14. desember um það hvort óábyrgt væri að vera áfram í húsnæðinu vegna heilsufars starfsmanna. Bókað var að spurningunni yrði best svarað af lækni sem hefði skoðað starfsmenn sem væru með öndunarfæraeinkenni. Til þessa tíma hefði læknirinn gefið út að það væri óhætt á meðan starfsmenn fengju að færa sig um set ef þeir fyndu til einkenna og mótvægisáðgerðir væru í gagni og þeir flyttust yfir á svæði sem hefðu verið skoðuð og meðhöndluð sérstaklega með það í huga að þar yrði fólk sem fyndi til einkenna vegna rakaskemmda eða væri að greinast með ofnæmissjúkdóma. Læknirinn kom fyrir dóm og staðfesti að hafa veitt þessa ráðgjöf og taldi hana eiga við rök að styðjast. Í fundargerðinni var einnig kynning á ástandinu og aðgerðum, meðal annars með aðkomu fyrrgreinds læknis. Bókað var meðal annars eftir læknum að margir sem hefðu komið til hennar hefðu verið með öndunarfæraeinkenni. Læknirinn hefði getið þess að fáir greindust með ofnæmi fyrir myglu en meirihluti þeirra starfsmanna stefnda sem hefðu komið til hennar hefðu verið með önnur undirliggjandi ofnæmi eða aðra sjúkdóma. Þar af gætu 1–2% hafa verið með slæm einkenni. Taldi læknirinn aðspurð að skimun fyrir ofnæmi væri ekki góður kostur þar sem hún væri ómarkviss. Í framburði fyrir dómi bar læknirinn mjög á sömu lund og gat þess að það gæfi ekki góða raun að beita ofnæmisprófum til að greina myglu. Í fundargerðina var jafnframt bókað að læknirinn teldi viðveru í húsinu hvorki vera hættulega né lífshættulega, dvöl væri í lagi að því gefnu að starfsmenn fengju að færa sig ef þeir fyndu fyrir einkennum. Læknirinn hrósaði stefnda Orkuveitu Reykjavíkur fyrir framgöngu gagnvart starfsmönnum og stuðning hans við þá. Það hefði náðst góður árangur í að ná til fólksins og sigta út hverjir þyrftu að komast til læknisins. Bókað var að læknirinn hefði verið spurður í lok fundar hvað best væri að gera í stöðunni og ritað það svar í fundargerðina að best væri að tæma rakaskemmt húsnæði.

38. Fyrir liggur fundargerð frá 21. desember 2016 frá fundi stýrihóps stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem fjallaði um endurbætur á Bæjarhálsi 1. Meðal umfjöllunarefna var möguleg rýming vesturhúss í ljósi framangreindrar greinargerðar verkfræðistofunnar Eflu frá því fyrr í þeim sama mánuði, sem áður er rakin. Með hliðsjón af greinargerðinni var tekin ákvörðun að undirbúa flutninga úr vesturhúsi, sem meðal annars fólst í því að leita hófanna um leiguhúsnæði í stað Bæjarháls 1 á meðan unnið væri að umbótum. Hvað stefnda DK Hugbúnað ehf. snerti var fundin sú lausn að starfsemi fyrirtækisins yrði flutt í húsnæði á Smáratorgi 3 sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur tók á leigu í þessu skyni. Þeir flutningar áttu sér stað 1. júní 2017, eins og áður gat.

39. Eins og áður hefur komið fram bauð stefndi Orkuveita Reykjavíkur upp á að þeir starfsmenn úr eigin starfsmannahópi sem yrðu fyrir mestu áhrifunum af raka- og mygluskemmdum í húsinu gætu flutt starfsstöð sína niður í svokallað Gallery, sem er rými á fyrstu hæð þar sem ekki greindist mygla né var um rakaskemmdir að ræða. Eftir að framkvæmdir hófust á 4. hæð stóð starfsmönnum DK Hugbúnaðar ehf. einnig til boða að flytja sig um set niður á fyrstu hæð en óljóst er nákvæmlega hvenær því boði var komið á framfæri. Fram kom í framburði fyrir dómi að þeir þrír starfsmenn sem verst voru leiknir þáðu það, þar á meðal stefnandi sem flutti sig niður í febrúar 2017 eftir því sem fram kemur í orðsendingu sem hún sendi hópstjóra rekstrarþjónustu hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki liggur fyrir staðfesting á því hvenær hinir tveir fluttu sig en álykta má af gögnum málsins að það hafi verið í ársbyrjun 2017.
40. Í ljós kom að loftið á fyrstu hæðinni var mjög þurr og olli það stefnanda og samstarfsmönnum hennar óþægindum. Eftir að deildarstjóri stefnanda og þeir starfsmenn sem í hlut áttu höfðu átt ítarlegan fund í febrúar 2017 með sérfræðingum sem önnuðust um loftræstikerfi hússins varð niðurstaðan sú að starfsaðstaðan á fyrstu hæð væri óviðunandi vegna þessa þurra lofts og unnu þessir þrír starfsmenn því í fjarvinnu frá 1. mars að telja þar til starfsstöð DK Hugbúnaðar ehf. hafði verið flutt á Smáratorg 3 í júní 2017. Stefnandi kom sér upp vinnuástöðu á vinnustað eiginmanns síns í heimabæ sínum á þessu tímabili.
41. Fram kom í vitnisburði starfsmanna stefnda DK Hugbúnaðar ehf. að almennt hefði verið lítið um að starfsmenn fyrirtækisins ynnu í fjarvinnu. Það hefði ekki verið í *kúltur* vinnustaðarins, eins og komist var að orði, auk þess sem það hefði verið nokkrum vandkvæðum bundið vegna samstarfs milli starfsmanna. Stefnandi bar ekki um það fyrir dómi að sér hefði verið neitað um slíkt, eins og staðhæft er í stefnu. Eftir því sem upplýst er sóttist hún ekki eftir því fyrr en önnur ráð var ekki að hafa, í lok febrúar 2017.
42. Óumdeilt er að starfsmönnum stefnda DK Hugbúnaðar ehf. var boðið að hitta hjúkrunarfræðing sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur hlutaðist til um að væri starfsmönnum aðgengilegur vegna rakaskemmda- og myglumálefna. Það boð þáði stefnandi 20. febrúar 2017 í kjölfar rafrænna samskipta við deildarstjóra sinn hjá DK Hugbúnaði ehf. Kristínu Þorgeirsdóttur degi fyrr.
43. Í þeim samskiptum vék stefnandi að því hvort hún ætti ekki að byrja næsta vinnudag á tilraun sem deildarstjórinn stóð fyrir sem meðal annars fólst í að vakna síðar á morgnana, ná slökun og koma svo til vinnu þegar hún væri tilbúin. Svo ritaði stefnandi: *Síðan er*

planið að flytja niður á morgun. Var búin að pakka dótinu en á eftir að þrifa skjá og tölvu. Einnig langar mig fá að hitta þennan aðila hjá Eflu og í framhaldi fara til þessa læknis sem sinnir myglaða fólkinu úr OR húsinu. Þú kannski aðstoðar mig við að koma því í framkvæmd því ég á mjög erfitt með að setja heilsuna og mig í forgang og ég er ekkert voða hlýðin í þeim efnum. Deildarstjórinn tók vel í hugmyndir stefnanda um framkvæmd nefndrar tilraunar. Hvað varðaði flutning milli hæða og að hitta sérfræðinga sagði deildastjórinn: *Ég hef áhuga á að þú verðir í slökun til kl. 10 og leggir síðan af stað. Ég vil að þú flytjir niður strax í von um betri aðstöðu (vegna heilsunnar). Það er ekkert vit í að ætla að eyða, hugsanlega næstu árum, í að jafna sig á mygluógedinu ef það er ofnæmisvaki. Heilsan verður í öllum tilfellum að ganga fyrir, þannig er það bara. Endilega heyrðu í Hróðnýju hjá OR því hún er með allar upplýsingar um Eflu fólkið og útveggar þér alla þá aðstoð sem þú þarft. Hróðný er mjög liðleg og nice þannig að endilega settu þig í samband við hana. Útskýrt var fyrir dómi af hálfu stefnanda og deildarstjórans að tilraun sú sem þær fjölluðu um hefði verið hugmynd deildarstjórans sem hefði falist í því að stefnandi og fleiri starfsmenn sem leið illa í vinnuumhverfinu myndu fá aukið svigrúm til að bæta líðan sína með því að mæta síðar til vinnu á morgnana, vakna síðar og ná slökun áður en haldið væri til vinnu. Deildarstjórinn bar fyrir dómi að þetta hefði ekki byggst á neinni tiltekinni ráðgjöf eða meðferð heldur hefði verið hennar eigin hugmynd til þess að reyna að láta starfsmönnum líða betur.*

44. Hinn 20. febrúar sendi stefnandi síðan orðsendingu til hópstjóra rekstrarþjónustu hjá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur í samræmi við framangreint. Orðsendingin er svohljóðandi: *Ég var að flytja af 4hæð niður á jarðhæð sökum einkenna sem hafa hrjád mig lengi...hugsanlega v/ástands húsnæðis. Er mögulegt að fá tíma hjá Eflu til að komast síðar í læknisskoðun eða þarf ég að fara einhverjar aðrar leiðir til að komast til Eflu?*
45. Stefnanda var í kjölfarið vísað til hjúkrunarfræðingsins sem vísaði henni síðan til ofnæmis- og ónæmissjúkdómalæknisins [...] sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur hafði fengið til að liðsinna þeim starfsmönnum sem nauðsyn bæri til. Fyrir liggur svonefnd sérfræðingsnóta læknisins sem dagsett er 1. mars 2017.
46. Í nótu [...] kemur fram að hún hafi áður verið með stefnanda til meðferðar, síðast 2012 en hún hafi verið með skútabólgu (latína: sinusitis) þá og greindi læknirinn að hún væri einnig með væga skútabólgu við þessa skoðun. Fram kemur að læknirinn gerði ofnæmispróf á stefnanda gagnvart mörgum ofnæmisvöldum, þar á meðal ýmsum tegundum myglusveppa og voru niðurstöður þeirra prófana neikvæðar. Miðað við

einkenni stefnanda og þær upplýsingar sem lækurinn fékk hjá henni gaf lækurinn út það álit að rakastig í því húsnæði sem stefnandi vann í á 1. hæð Bæjarháls 1 væri allt of lágt. Rakastigið þyrfti að vera um 40% en væri einungis 13%, mikilvægt væri að halda rakastigi í kringum 40% til að forðast ertingu í öndunarfærum. Ekki hefði mælst ofnæmi fyrir myglu eða algengum ofnæmisvökum en hún væri með vægan sinusitis. Var stefnanda ávísað nefúðalyfi og sýklalyfi.

47. Stefndi Orkuveita Reykjavíkur fékk í febrúar 2017 fyrirtækið Vinnuvernd ehf. til að fylgja eftir þeim starfsmönnum sem leitað höfðu til hjúkrunarfræðings á vegum verkfræðistofunnar Eflu og áður nefnds ofnæmis- og ónæmissjúkdómalæknis. Fyrirtækið skilaði skýrslu í mars 2017, byggðri á viðtölum sem hjúkrunarfræðingar á vegum fyrirtækisins höfðu tekið símleiðis við 45 starfsmenn. Ekki kemur fram í skýrslunni hvort einhverjir þeirra hafi verið starfsmenn annarra fyrirtækja sem voru með starfsemi í vesturhúsi Bæjarháls 1. Fram kemur í skriflegri samantekt að tilgangur viðtalanna hafi verið að kanna upplifun starfsmanna á framkvæmdum sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur stæði í og hvernig starfsmenn upplifðu sig í þeim aðstæðum, með áherslu á heilsu og líðan. Fram kom að 90% þessara starfsmanna hefðu talið sig hafa einkenni sem rekja mætti til rakaskemmda húsnæðisins. Meirihluta þeirra hefði liðið betur eftir flutning innan húsnæðisins og margir hefðu fundið minna eða ekkert fyrir einkennum í fríum og um helgar. Öllum starfsmönnum hefði verið ljóst að þeim stæði til boða flutningur innanhúss og meirihluti var sagður vera sáttur við aðgerðirnar og upplýsingagjöfina. Rakið var í samantektinni að rúmlega helmingur þeirra sem leituðu læknis hefði farið í myndatökur af ennis- og kinnholum og svipaður fjöldi í ofnæmispróf. Rakið var í hverju helstu greiningar hefðu falist og til hvaða meðferða hefði verið gripið í þeim tilvikum sem slíkt hefði verið nauðsynlegt: Sterameðferðar, sýklalyfjameðferðar og meðferðar við ofnæmi. Eins var þess getið að fólki hefði verið vísað áfram til annarra sérfræðilækna, svo sem háls-, nef- og eyrnalæknis, meltingarlæknis og svo framvegis. Af þeim 45 einstaklingum sem tekið var viðtal við voru um 75% sátt eða nokkuð sátt við gang mála og töldu meðal annars að allt væri gert til að láta fólki líða vel, á það væri hlustað, flutningur væri í boði fyrir alla, mikill velvilji væri sýndur starfsfólki og áhersla lögð á góða líðan þess. 25% starfsmanna voru ósátt við gang mála og töldu meðal annars að of seint væri brugðist við, á upplýsingagjöf skorti og ekki væri hlustað á starfsmenn, þeir hefðu viljað frekari aðgerðir og of mikill samgangur væri milli svæða. Mörgum þótti það óþægileg tilhugsun að vinna áfram í heilsuspillandi húsnæði og bentu á að einkenna

yrði vart um leið og komið væri inn á vinnustaðinn. Lítið hefði verið gert úr veikindaeinkennum, aðgerðir væru handahófskenndar og vinnustaðurinn væri verri en áður. Niðurstaða Vinnuverndar ehf. var að stefndi Orkuveita Reykjavíkur hefði eftir bestu getu reynt að gera allt sem í hans valdi hefði staðið til að tryggja góða líðan starfsmanna.

48. Stefndi Orkuveita Reykjavíkur óskaði dómkvaðningar matsmanna til að meta galla og tjón á vesturhúsi Bæjarháls 1 20. september 2017. Matspolar voru þeir helstu aðilar sem komið höfðu að byggingu hússins, efnissalar, verkfræðistofur, arkitektar og byggingaraðilar. Niðurstaða matsmanna lá fyrir í mars 2021. Heildarniðurstaða matsgerðarinnar var sú að rakaskemmdir hefðu orðið og væru innanhúss á öllum útveggjum vesturhúss. Talið var að lekinn og skemmdirnar hefðu verið viðloðandi alveg frá því að húsið var byggt. Þá var því einnig slegið föstu að viðgerðir sem fóru fram árið 2004 hefðu ekki verið fullnægjandi þótt þær hefðu verið fagmannlega unnar. Getið hefði verið um mjög marga leka í vesturhúsi á mörgum hæðum í tölvupósti 11. febrúar 2004 og hefðu gallar legið fyrir við úttekt á byggingunni sem gerð hefði verið haustið 2004. Niðurstaða matsmannanna var að ógerlegt væri að laga gluggakerfi hússins og útveggi, heldur þyrfti að koma upp nýjum útveggjum á vesturhúsi Bæjarháls 1. Húsið yrði nánast fokhelt meðan á þeim framkvæmdum stæði.
49. Eins og getið er að framan kom stefnandi á ný til starfa á starfsstöð stefnda DK Hugbúnaðar ehf. í júní 2017 er fyrirtækið hafði flutt starfsemi sína að Smáratorgi 3 í Kópavogi. Samkvæmt veikindaskráningu stefnanda var hún veik í einn dag í júní, engin veikindi eru skráð í júlí en einn veikindadagur í ágúst. Sex veikindadagar eru skráðir í september, átta veikindadagar í október, þar af einn stakur og sjö samfelldir, í nóvember er einn veikindadagur skráður sem tengist samfelldum veikindum í október en aðrir ekki. Í desember eru skráðir þrjú veikindadagar, 8. desember og svo 28. og 29. desember.
50. Í aðdraganda jóla 2017 munu starfsmenn stefnda DK Hugbúnaðar ehf. hafa fundið til jólaskraut sem geymt hafði verið í kassa á Bæjarhálsi 1 allt frá því að starfsemi fyrirtækisins fór þar fram. Stefnandi var ekki á vinnustaðnum þegar skrautið kom í hús og var tekið til handargagns til skreytinga í húsnæðinu en fyrir dómi lýsti hún því að um leið og hún hefði stigið út úr lyftu á hæðinni hefði hún fundið að eitthvað mikið væri að og einkenni þau sem hún hafði átt við að stríða hefðu hellst yfir hana af miklum þunga. Henni hefði orðið mjög um og rætt þetta við samstarfsmenn sína auk þess sem hún varð

frá að hverfa vegna mikilla einkenna sem hún fann fyrir. Framburður þessi fær stoð í framburði tveggja annarra starfsmanna sem urðu sjónarvottar að vanlíðan stefnanda.

51. Frá þessum tíma mun stefnandi ekki hafa losnað við sjúkdómseinkenni þau sem hún hefur átt við að etja. Stefnandi freistaði þess að leysa starf sitt áfram af hendi eftir áramót 2017/2018 en hélt áfram að forfallast frá vinnu á næstu mánuðum. Þannig var hún skráð veik einu sinni í janúar 2018, fimm samfellda daga í febrúar og átta daga í mars, þar af sjö samfellda, og loks átján daga í apríl 2018. Stefnandi bar um að hafa gengið á fund forsvarsmanna stefnda DK Hugbúnaðar ehf. í apríl og óskað eftir launuðu veikindaleyfi til þess að freista þess að ná heilsu á ný en stefndi hafi hafnað þessari ósk þar sem í því fælist óheppilegt fordæmi ef á þessa ósk yrði fallist að hennar sögn. Stefnandi mun ekki hafa snúið til starfa á ný hjá stefnda.
52. Fasteigninni Bæjarhálsi 1 var afsalað til stefnda Orkuveitu Reykjavíkur að nýju 1. október 2019 frá skilanefnd Foss fasteignafélags slhf. Sérstaklega var tekið fram að stefnda væri kunnugt um ástand hins afsalaða og sætti sig við það að öllu leyti.
53. Stefna Orkuveitu Reykjavíkur var sent bréf, dagsett 19. febrúar 2019, og upplýst af hálfu stefnanda meðal annars að fyrirhugað væri að setja fram skaðabótakröfu in solidum á hendur stefnda og atvinnurekanda stefnanda auk þess sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum. Með svarbréfi af hálfu stefnda, dagsettu 26. apríl 2019, var bótaskyldu hafnað,
54. Rökstudd krafa í ábyrgðartryggingu stefnda DK Hugbúnaðar ehf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. var sett fram með bréfi, dagsettu 28. janúar 2020. Tryggingafélagið hafnaði greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni vegna tjóns stefnanda með vísan til þess að gögn málsins sýndu ekki fram á að sjúkdóm hennar væri að rekja til veru hennar í húsnæði DK Hugbúnaðar ehf. auk þess sem byggt var á því að sjúkdómur stefnanda ætti ekki rót sína að rekja til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi fyrirtækisins. Þá var talið vandséð að orsakatengsl væru milli sjúkdómsins og ástands á vinnustaðnum. Þessari afstöðu stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., var skotið til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Með álit, dagsettu 8. desember 2020, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.
55. Sjúkdómur stefnanda var tilkynntur til Sjúkratrygginga Íslands 1. apríl 2020. Með bréfi, dagsettu 9. mars 2021, tilkynntu Sjúkratryggingar í öndverðu að ekki væri unnt að verða við umsókn hennar um bætur úr slysatryggingu almannatrygginga þar sem stofnunin teldi að læknisfræðileg orsakatengsl milli aðstæðna á vinnustað og líkamlegra einkenna

stefnanda væru ósönnuð. Ákvörðun Sjúkratrygginga var skotið til úrskurðarnefndar velferðarmála 8. júní 2021 og felldi nefndin ákvörðunina úr gildi með úrskurði 30. mars 2022 og vísaði málinu til nýrrar meðferðar hjá Sjúkratryggingum. Niðurstaða nefndarinnar byggðist meðal annars á þeim röksemdum að ekki þyrfti mikið magn myglu til að hrinda einkennum af stað ef einstaklingur hefði ofnæmi fyrir myglu. Stefnandi hefði ekki slíkt ofnæmi samkvæmt prófun ofnæmislæknis en hjá þeim sem hefðu ekki ofnæmi gætu einkenni engu að síður komið fram ef mikil mygla væri til staðar eða ef viðkomandi væri útsettur fyrir myglu nægilega lengi. Einkenni frá öndunarfærum teldust dæmigerð í þessu sambandi og eins og ætti við um flest sjúkdómseinkenni gætu þau orðið viðvarandi (krónísk) ef þau stæðu nógu lengi, jafnvel þótt tækist að fjarlægja sjúkdómsvaldinn. Talið var að gögn málsins bentu til þess að einkenni stefnanda hefðu tímanleg tengsl við útsetningu fyrir myglu í umtalsverðu magni og að sú útsetning hefði staðið nægilega lengi til að vera til þess fallin að valda sjúkdómseinkennum. Læknar stefnanda hefðu vottað að þeir teldu orsakasamhengi þar á milli. Úrskurðarnefndin komst á þessum grunni að þeirri niðurstöðu að meiri líkur en minni væru á því að orsakasamhengi væri á milli útsetningar fyrir myglu og sjúkdómseinkenna stefnanda. Skilyrði ákvæða þágildandi 2. mgr. 6. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga og reglugerðar um tilkynningafrest slysa teldust því uppfyllt.

56. Með nýrri ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands 5. maí 2022 var fallist á að slysa stefnanda, sem svo var nefnt, væri bótaskyldt samkvæmt lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga enda væru veikindin rakin til viðveru hennar að Bæjarhálsi 1 í störfum hennar fyrir stefnda DK Hugbúnað ehf.
57. Að kröfu stefnanda voru tveir matsmenn dómkvaddir 8. desember 2022, lyf- og gigtarlæknir og ofnæmislæknir. Matsgerð þeirra var lögð fram í málinu 14. september 2023.
58. Í matsgerðinni var gerð grein fyrir rannsóknum matsmanna og skoðun á stefnanda. Hún hefði komið vel fyrir en talað mjög hásri röddu sem augljóslega hefði tekið á fyrir hana að beita. Niðurstaða allra rannsókna sem matsmenn hefðu látið gera hefðu verið innan eðlilegra marka. Farið var yfir fyrra heilsufar stefnanda og því slegið föstu að engir sjúkdómar sem upp voru taldir í matsgerðinni sem til greina kæmu sem mismunagreining og skýrt gætu einkenni stefnanda væru fyrir hendi. Síðan var gerð grein fyrir þeim læknismeðferðum sem stefnandi hafði undirgengist frá 1. mars 2017 hjá ýmsum læknum og svo gerð grein fyrir svörum stefnanda á QEESI spurningalista um næmi fyrir

umhverfisþáttum (enska: The Quick Environmental Exposure and Sensitivity Inventory). Svör stefnanda hafi miðast við líðan hennar árið 2016, áður en hún veiktist, líðan hennar um haustið 2016 að loknum vinnudegi á Bæjarhálsi 1, líðan hennar haustið 2017 er hún vann í Smáratorgi 3 og svo líðan hennar í febrúar 2023 á matsdegi. Matsmenn túlkuðu svör stefnanda svo: *Í upphafi gefur RS tiltölulega eðlilega svörun sem breytist verulega haustið 2016 þegar framkvæmdir eru í gangi í húsinu að Bæjarhálsi 1. Þá er hún komin með mikið næmi fyrir umhverfisþáttum sem lagast eitthvað eftir flutning í Turninn 2017. Hún versnaði við að umgangast mengað jólaskraut í des. 2017 og hefur ekki náð sér síðan sbr. núverandi QEESI svör i töflu. Eitthvað af hennar fjölefnáþoli á síðustu tveimur árum skýrist m.a. af eldgosinu á Reykjanesi en mengunin stóð oft yfir Akranes. Sama segir hún um Helligheidarvirkjun sem enn truflar hana. Matsmenn tóku saman ítarlegt fræðilegt yfirlit um myglu og áhrif hennar á heilsu, meðal annars á barkakýli og raddbönd. Samantekt þeirra er eftirfarandi: Mygla og rakaskemmdir í húbýlum eða vinnustöðum manna geta valdið sjúkdómum hjá einstaklingum sem þar dvelja. Eitthvað í upplagi einstaklinga gerir þá misjafnlega næma fyrir slíkum áhrifum og ákveðinn hluti einstaklinga bregst við með sjúkdómum í öndunarferum s.s. ofnæmi, sýkingum og astma og almennu bólguástandi. Þessi áhrif eru vel þekkt frá faraldsfræðilegum rannsóknum eins og getið er í samantekt hér fyrir ofan. Einnig getur mygla valdið almennum fjölkerfa einkennum sem ekki er hægt að skýra með blóðrannsóknum. Þolmissir og fjölefnanæmi getur orðið mjög íþyngjandi fyrir þessa sjúklinga. Þótt nákvæm meinvirkni þessara áhrifa sé ekki þekkt í mönnum þá eru rannsóknir á skordýrum og músum sem sýna neikvæð líffræðileg áhrif myglu sem rekja má til ósértæks ónæmissvars.*

*Húsasótt af völdum raka og myglu getur haft varanleg skaðleg áhrif á heilsu manna. Ef einstaklingar með slík einkenni eru látnir vera án meðferðar eða inngrips geta afturkræfar breytingar þróast yfir í óafturkræfan raka- og myglutengdan sjúkdóm sem getur haft áhrif á fjölda líffæra m.a. með sjálfsöfnæmi, taugaeinkennum, stöðkerfiseinkennum og síþreytu. Margar smáar útsetningar geta leitt til mikils króníks vandamáls í þessu samhengi.*

59. Að lokum svöruðu matsmenn nokkuð ítarlegum og víðfeðmum matsspurningum sem sumar voru almenns eðlis en aðrar fræðilegar. Að lokum leystu þeir úr spurningu um hvort orsakatengsl væru milli líkamlegra og eftir atvikum andlegra einkenna stefnanda og viðveru hennar í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1 tímabilið júní 2016 til mars 2017, sem

rekja mætti til raka og myglu. Ef svo væri við hvaða einkenni líkamleg eða andleg byggi stefnandi af þeim sökum. Að auki var spurt hvort heilsutjón stefnanda væri þess eðlis að það hefði varanleg áhrif á stefnanda í leik og starfi. Svör matsmanna voru eftirfarandi: *Í ljósi þess sem að fjallað hefur verið um veikindi RS [...], bæði hvað varðar raddbönd og almenn einkenni s.s. endurteknar öndunarferasýkingar, höfuðverki, minnistrufnanir, fjölefnaból og skert úrvinnsluhæfi (heilaboku) og þegar skoðað er það tímabil sem hún hefur verið útsett fyrir myglu í húsnæði OR, að Bæjarhálsi 1, þegar skoðuð er sjúkraskrá, vottorð ýmissa sérfræðinga og vandleg yfirferð yfir heilsufarssögu telja M yfirgnæfandi líkur á að um orsakatengsl sé að ræða og að mati matsmanna ekki hægt að tilgreina aðrar orsakir veikinda hennar á annan hátt.*

- a) *Vandamál sem RS hefur við að stríða í dag eru m.a. raddbandaskemmd, fjölefnaból, þreyta, úthaldsleysi, minnisleysi, skert úrvinnsluhæfni, skert áreynsluból, félagsleg einangrun og andlegar afleiðingar (depurð og kvíði).*
- b) *Liðin eru átta ár frá upphafi veikinda og fimm ár eru liðin frá því að hún varð síðast fyrir útsetningu í Turninum 2017. Meðferðartilraunir hafa skilað mjög takmörkuðum árangri og verður að teljast afar ólíklegt að RS muni ná bata að nýju.*

60. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu en einnig gáfu skýrslu sem vitni Brynjar Hermannsson, fyrrum stjórnarformaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf., Hafsteinn Róbertsson, starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf., Hróðný Njarðardóttir, fyrrum starfsmaður stefnda Orkuveitu Reykjavíkur, Kristín Þorgeirsdóttir, sviðsstjóri ráðgjafadeildar stefnda DK Hugbúnaðar ehf., Kristján Erlendsson matsmaður, Magnús Axel Hansen, starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf., Margrét Kristín Björnsdóttir, fyrrum starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf., Regína Sigurgeirsdóttir, fyrrum starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur, Sigurveig Þóra Sigurðardóttir matsmaður, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, fyrrum ráðgjafi hjá verkfræðistofunni Eflu, Svandís Ragnarsdóttir, fyrrum starfsmaður DK Hugbúnaðar ehf., [...], lyflæknir og ofnæmis- og ónæmisfræðingur, Valgeir Sigurðsson, starfsmaður Vinnuverndar, og Þórir Bergmundsson, háls-, nef- og eyrnalæknir.

*Helstu málsástæður stefnanda*

#### Um aðild

61. Málshöfðun þessari sé beint að DK Hugbúnaði ehf. sem stefnandi vann hjá sem og Vátryggingafélagi Íslands hf. með vísan til 44. gr. laga nr. 30/2004 um

vátryggingasamninga vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekanda stefnanda sem hafi verið í gildi á þeim tíma er stefnandi veiktist. Þá er málshöfðuninni einnig beint að Orkuveitu Reykjavíkur þar sem stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi verið með í gildi leigusamning við stefnda Orkuveituna um starfsaðstöðu að Bæjarhálsi 1 sumarið 2016 og stefnda Orkuveitan sé í dag eigandi húsnæðisins að Bæjarhálsi 1. Engu breyti í því sambandi að á árunum 2013 til 2017 hafi fasteignin verið í eigu Foss fasteignafélags slhf. Stefndi hafi enda keypt húsnæðið af fasteignafélaginu sem hafi í kjölfarið verið slitíð. Réttindi og skyldur fasteignaeiganda hvíli því á herðum stefnda Orkuveitu Reykjavíkur í málinu. Um sé að ræða tjón sem bæði DK Hugbúnaður ehf. og Orkuveita Reykjavíkur hafi valdið stefnanda og ekki sé hægt að aðgreina eða sanna hvor þeirra hafi valdið afmörkuðum þáttum heildartjónsins. Því sé um óskipta ábyrgð þeirra að ræða þótt bótaskyldan, það er málsástæður á hendur hvorum stefnda um sig, hvíli á ólíkum grunni. Er því byggt á meginreglunni um óskipta ábyrgð tjónvalda gagnvart tjónþola og einnig á meginreglunni um að hin óskipta ábyrgð gildi, óháð því hver hlutur hvers tjónsvalds sé í bótaskyldu atviki. Samkvæmt því og með vísan til fyrirbyggjandi dómskjala eigi kröfur stefnanda á hendur stefndu rætur að rekja til sama atviks og aðstöðu. Um aðild stefndu vísist því til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skaðabótaskylda stefnda DK Hugbúnaðar ehf. og greiðsluskylda stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. úr ábyrgðartryggingu.

62. Stefnandi byggir á því að afleiðingar veikinda/sjúkdóms hennar séu skaðabótaskyldar af hálfu stefnda DK-hugbúnaðar ehf. sem atvinnurekanda hennar á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Tjón stefnanda sé enda afleiðing saknæmrar og ólögmeðrar háttsemi fyrirsvarsmanna félagsins, sérstaklega að hún hafi verið látin vinna á hinum sýkta vinnustað að Bæjarhálsi 1 á tímabilinu júní 2016 til mars 2017 og athafnaleysis þessa stefnda með að útvega stefnanda fullnægjandi vinnuaðstöðu. Jafnframt séu afleiðingar veikinda/sjúkdóms hennar bótaskyldar á sama grundvelli úr ábyrgðartryggingu stefnda sem hafi verið í gildi hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf.
63. Stefnandi byggir á því að stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi vanrækt að framfylgja lögboðnum skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. meðal annars 6. gr., 18., 21., 23., 37. og 42. gr., 64.–67. gr. og 86. gr. laganna. Augljós orsakatengsl séu á milli þessarar vanrækslu og veikinda

stefnanda. Með vísan til þessara afdráttarlausu lagafyrirmæla og hinna varhugaverðu vinnuaðstæðna hafi hvílt sérstaklega rík skylda á þessum stefnda til að tryggja öryggi og heilsu stefnanda og annarra starfsmanna sinna með því að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takmarka frekara heilsutjón stefnanda. Stefnandi telji einsýnt að stefndi hafi látið þetta undir höfuð leggjast með þeim afleiðingum að stefnandi hafi orðið fyrir því heilsutjóni sem raun beri vitni.

64. Stefnandi hafi verið starfsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. þegar hún hafi farið að veikjast vegna aðstæðna á starfsstöð sem atvinnurekandi hennar hafi borið ábyrgð á að væru í lagi. Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um stöðuna og ástand stefnanda sem og annarra starfsmanna fyrirtækisins en viðbrögð þeirra hafi verið engin. Starfsmenn fyrirtækisins hafi til að mynda ekki verið sendir til trúnaðarlæknis fyrirtækisins, veikindin hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og ekkert hafi verið haldið utan um þá starfsmenn sem veiktust vegna veru þeirra í húsnæðinu. Þá verði ekki séð að gerð hafi verið skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað né heldur sérstakt áhættumat þar sem metnar væru áhættur í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi eða starfsmenn upplýstir nægilega fljótt um þá verulegu myglu sem stefndi DK Hugbúnaður ehf. vissi eða mátti vita af í húsinu og valdið gæti starfsmönnum hans veikindum.
65. Allt þetta hefði verið sjálfsagt og nauðsynlegt af hálfu stefnda DK Hugbúnaðar ehf. í ljósi þekkingar á myglu/ryki/gróum í kjölfar þess að ákveðið var að eiga við hið rakaskemmda húsnæði. Um þessi atriði megi vísa til ákvæða reglna nr. 764/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, meðal annars 4., 6. og 7. gr., 3. mgr. 10. gr. 11. gr. og 13. gr. sem og reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, meðal annars 4., 5., 7. og 10. gr. og 2. mgr. 13. gr. Í 6. gr. reglugerðar nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma komi fram að atvinnurekandi skuli halda skrá yfir þá sjúkdóma sem hann hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til tiltekins starfs eða annarra aðstæðna á vinnustað, sbr. 1. mgr. 78. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Engin slík skráning hafi verið haldin af hálfu stefnda DK Hugbúnaðar ehf. Hefðu einkenni starfsmanna fyrirtækisins verið skráð frá upphafi, þar á meðal stefnanda, hefði eftir atvikum mátt grípa til viðeigandi ráðstafana vegna myglunnar, það er koma starfsmönnum fyrr út úr rýminu og minnka líkur á heilsutjóni, allavega varanlegu

- heilsutjóni. Það hafi ekki verið gert og því til þess fallið að valda stefnanda tjóni og auka það. DK Hugbúnaður ehf. beri einnig hallann af þessu þegar kemur að sönnun í málinu.
66. Stefnandi bendi á að á atvinnurekendum hvíli skylda til að tryggja forsvaranlegar og heilsusamlegar vinnuaðstæður fyrir starfsmenn sína. Ekki verði séð að DK Hugbúnaður ehf. hafi uppfyllt þær skyldur sínar, heldur meðal annars brotið gegn 10. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða enda loftræsting meðal annars ófullnægjandi í þeim aðstæðum sem sköpuðust í framkvæmdunum að Bæjarhálsi.
67. Stefnandi og fleiri starfsmenn stefnda DK Hugbúnaðar ehf. hafi ítrekað óskað eftir því að fá að sinna starfsskyldum sínum utan vinnustaðar en þeim óskum hafi verið hafnað og þar með sé ljóst að ekki hafi öllum ráðum verið beitt til að koma í veg fyrir að stefnandi yrði útsett fyrir áhrifum raka og myglusveppa. Fyrirsvarsmenn fyrirtækisins hafi gert ófullnægjandi reka að því að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna sinna þótt þeim hafi verið vel kunnugt um ástandið á vinnustaðnum sem þeir buðu upp á.
68. Stefnandi bendi á að í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum komi fram að ef atvinnurekanda eða starfsmönnum sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf verður ljóst að skyndilega hafi komið upp bráð hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra eða hættulegra efna eða annarrar alvarlegrar hættu, sé þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð þegar í stað og/eða að starfsmenn hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir. Þá segi í 2. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar að atvinnurekanda beri jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki sé unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmenn sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

#### Skadabótaskylda stefnda Orkuveitu Reykjavíkur

69. Stefnandi byggir á því að stefndi Orkuveita Reykjavíkur beri ábyrgð á tjóni hennar sem rakið verði til veru hennar í húsnæði stefnda á grundvelli sakarreglunnar. Tjón hennar sé enda afleiðing saknæmrar og ólögætrar háttsemi fyrirsvarsmanna stefnda.
70. Á það sé bent að á fasteignareigendum hvíli rík athafnaskylda til að rækja viðhald og umhirðu með fasteign til að koma í veg fyrir að þeir sem eigi erindi í fasteignina verði fyrir tjóni. Fasteignareigendum sé skylt að gera hæfilegar ráðstafanir til að afstýra tjóni

þótt engin fyrirmæli í settum rétti leggi þeim þá skyldu á herðar. Fyrirsvarsmenn stefnda hafi gert ófullnægjandi reka að því að rækja viðhald og umhirðu með fasteigninni til þess að koma í veg fyrir að stefnandi og þau sem störfuðu í húsnæðinu yrðu fyrir tjóni.

71. Stefnandi bendi á að það komi ekki í veg fyrir skaðabótaábyrgð stefnda þótt húsnæði hans að Bæjarhálsi 1 hafi að hluta verið í útleigu til meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. Skaðabótaábyrgð fasteignareiganda komi til skoðunar ef tjón verður rakið til aðbúnaðar og ástands fasteignar óháð því hvort annar aðili hafi jafnframt umráð yfir fasteigninni, sbr. til dæmis Hrd. 1996, bls. 1697.
72. Stefnandi byggir á því að fyrirsvarsmenn stefnda hafi verið meðvitaðir um að hið myglu- og rakaskemmda húsnæði að Bæjarhálsi 1 hafi verið heilsuspillandi fyrir þá sem þar störfuðu, þar á meðal stefnanda. Stefnandi hafi því mátt vera ljóst að það að láta starfsemi fara fram í húsnæðinu á meðan ráðist var í umfangsmiklar framkvæmdir fæli í sér mikla hættu á heilsutjóni fyrir þá sem þar störfuðu, þar á meðal stefnanda. Sú hættu hafi verið fyrirsjáanleg fyrir stefnda í ljósi niðurstaðna úr sýnatökum sem lágu fyrir í upphafi árs 2016 og raungerðust síðan í formi einkenna/veikinda þeirra einstaklinga sem þar störfuðu. Á því beri stefndi ábyrgð. Stefnandi hafi mátt vera ljóst vegna einkenna/veikinda stefnanda og fjölda annarra starfsmanna í húsinu að slíkar framkvæmdir gætu haft í för með sér alvarleg og skaðleg áhrif á líf og heilsu þeirra. Stefnandi hafi því vanrækt að tryggja öryggi og heilsu stefnanda svo sem ástæða hafi verið til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni hennar. Stefnandi beri ábyrgð á því að ráðist hafi verið í framkvæmdir á húsnæðinu á meðan þar hafi farið fram starfsemi og honum hafi verið skylt að haga framkvæmdunum þannig að sem minnst hættu skapaðist.
73. Að mati stefnanda hefði verið hægt að koma í veg fyrir eða í það minnsta draga verulega úr tjóni hennar ef stefndi hefði rýmt húsnæðið þegar myglu- og rakaskemmdirnar komu í ljós og áður en ráðist var í framkvæmdirnar. Í því sambandi bendi stefnandi á að slík ráðstöfun hefði verið fyrirhafnarlítill enda hafi stefndi ákveðið sumarið 2017 að rýma húsnæðið og þá sökum umfangs skemmda og neikvæðra áhrifa á heilsufar starfsfólks.

*Helstu málsástæður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. og Vátryggingafélags Íslands hf.*

74. Af hálfu stefndu DK Hugbúnaðar ehf. og Vátryggingafélags Íslands hf. er því alfarið hafnað að stefndi DK-Hugbúnaður ehf. beri skaðabótaábyrgð á þeim kvillum sem hrjá stefnanda og hún vill tengja við myglu í húsnæði stefnda Orkuveitu Reykjavíkur að

Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Slík skaðabótaábyrgð sé forsenda fyrir því að stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. verði dæmdur í málinu.

75. Á stefnanda hvíli sönnunarbyrði um að DK Hugbúnaður ehf. beri skaðabótaábyrgð. Í því felist meðal annars að stefnandi þurfi að sanna með óyggjandi hætti að fyrirtækið eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi, að sú tiltekna háttsemi hafi beinlínis valdið stefnanda því líkamstjóni sem hún telji sig hafa orðið fyrir og að líkamstjónið sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. En í upphafi þurfi stefnandi að sanna að líkamstjón hennar (einkenni) sé vegna myglunnar sem fannst að Bæjarhálsi 1.
76. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein sönnunargögn sem hægt sé að taka mark á í einkamáli. Ekki liggi fyrir að líkamstjón hennar sé að rekja til þeirrar myglu sem fannst í OR-húsinu. Hvorki liggi fyrir sannanir um saknæma og ólögmdæta háttsemi stefnda DK Hugbúnaðar ehf. né starfsmanna hans né að sú háttsemi hafi valdið líkamstjóni stefnanda.
77. Skriflegur málflutningur stefnanda á fjórum dómskjölum (samtals 20 blaðsíður) hafi ekkert sönnunargildi nema að því leyti sem hann kann að vera óhagstæður stefnanda sjálfri, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ómöguleiki sé á því fyrir stefndu að mótmæla öllum röngum fullyrðingum stefnanda í þessum skjölum nema með almennum hætti, ella þyrftu stefndu sjálfir að viðhafa skriflegan málflutning í andstöðu við lög um meðferð einkamála. Stefndu hafni því málavaxtalýsingu stefnanda að því marki sem hún er andstæð hagsmunum þeirra.
78. Að mati stefndu séu gögn um fyrra heilsufar stefnanda ófullnægjandi og með öllu sé ósannað að stefnandi hafi verið heilsuhraust fyrir sumarið 2016. Skipti ekki máli að lagt hafi verið fram læknisvottorð þar sem fram komi í mjög stuttu máli að það sé ekkert í fyrra heilsufari sem geti tengst afleiðingum veikindanna með beinum hætti. Því sé skorað á stefnanda að leggja fram sjúkraskrá sína hjá heilsugæslunni.
79. Ekki skipti heldur máli þótt meðferðarlæknir stefnanda hafi lýst skoðun sinni í læknafréfi enda hafi læknirinn ekki allar þær upplýsingar sem máli skipti þegar hún skrifi þetta sérfræðiálit sitt sem ljóst sé að hafi ekki verið gert á hlutlægum grunni enda stefnandi skjólstæðingur læknisins. Sönnun í einkamáli verði ekki fengin með slíku sérfræðiáliti, sbr. dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Orsakatengsl milli líkamstjóns (einkenna) stefnanda og myglusveppa/ryks/gróa ósönnuð

80. Stefnandi telji sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna veru sinnar í skrifstofurými stefnda DK Hugbúnaðar að Bæjarhálsi 1. Stefnandi kvarti yfir fjölmörgum líkamlegum og

andlegum einkennum, jafnvel heilkennum eins og ADHD, og reki þau til rakaskemmdanna og myglu í húsnæðinu. Stefnu telji tengsl líkamlegra einkenna stefnanda og myglu, ryks og gróa vera ósönnuð eins og málið liggja fyrir. Stefnandi sé til að mynda með fjölmörg einkenni sem ekki hafi verið tengd myglu eða öðrum tilgreindum efnum með viðurkenndum vísindalegum rannsóknum.

81. Á því er byggt af hálfu stefnu að fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna sé haldin það miklum ágöllum að hún verði ekki lögð til grundvallar um sönnun orsakatengsla. Þannig sé matsgerðin byggð á túlkunum og rýni matsmanna á sjúkrasögu stefnanda sem stefnu hafi ekki fengið afhenta þrátt fyrir áskorun þar að lútandi. Þótt stefnu hafi þannig ekki gefist tækifæri til að rýna sjúkraskrána liggja fyrir að samkvæmt matsgerðinni hafi fjöldi koma stefnanda til heilbrigðiskerfisins verið verulega yfir meðaltali öll árin sem matsmenn tiltaki, frá 2003 til og með 2023, en þar sem sjúkraskráin liggja ekki fyrir hafi stefnu ekki gefist kostur á að staðreyna hvort ályktanir matsmanna séu réttar hvað fyrra heilsufar snerti. Einnig byggist niðurstöður matsmanna á gölluðum læknisvottorðum heimilislækna þar sem til dæmis séu settar fram fullyrðingar sem varla geti staðist. Við mat á fyrra heilsufari hafi matsmenn einnig dregið þá ályktun að stefnandi hafi verið farin að fá einkenni vegna myglu á árinu 2015 sem er utan þess tímabils sem afmarkað er í dómkröfu stefnanda og ætti því ekki að hafa áhrif á niðurstöðu matsmanna auk þess sem matsmenn leggi eigin fullyrðingar stefnanda til grundvallar, bæði skriflegar greinargerðir hennar og útfyllingu spurningalista sem matsgerðin byggist á, þó að fyrir liggja að niðurstöður allra rannsókna matsmanna hafi verið innan eðlilegra marka. Í ljósi þessa alls séu ekki forsendur til að leggja matsgerðina til grundvallar.
82. Þess beri að geta að viðvarandi einkenni stefnanda geta alveg eins hafa komið til vegna þess að loftið í OR húsinu var mjög þurr, með mjög lágt rakastig. Það sé jafnframt skoðun eins helsta ofnæmis- og ónæmissjúkdómalæknis landsins sem skoðaði stefnanda og gaf út læknisvottorð þar að lútandi 1. mars 2017. Þar komi fram að stefnandi greinist ekki með ofnæmi fyrir myglu eða mörgum algengum ofnæmisvökum, en sé með væga sinusitis (skútabólgu). Stefnandi hafi kvartað í heimsókn sinni til læknisins yfir hæsi og ræmu, nefstíflum og hnerraköstum. Það hafi verið álit læknisins að verulegur þurrkur væri í húsnæðinu þar sem stefnandi ynni. Rakastig væri einungis um 13% en þyrfti að vera um 40%. Læknirinn ráðlagði að rakastigið yrði fært nær því að vera 40% til þess að það myndi ekki erta öndunarfærin. Þar sem stefnandi sé ekki með ofnæmi fyrir myglu eða algengum ofnæmisvöldum sé afar ólíklegt að hún hafi fengið varanleg líkamleg

einkenni vegna myglunnar. Þessi staðreynd geri það að verkum að sönnunarbyrði hennar sé enn meiri. Áréttu verði í þessu samhengi að þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir á hugsanlegum orsakatengslum milli rakaskemmda og myglu í húsnæði og heilsutjóns hjá einstaklingum hafi sérfræðingum ekki tekist að sýna fram á slík tengsl, eins og komi fram í samantekt Umhverfisstofnunar sem birt var 27. janúar 2017 um inniloft, raka og myglu.

Ekki sagnæm og ólögsmæt háttsemi stefnda DK Hugbúnaðar ehf. eða starfsmanna hans

83. Af hálfu stefnda sé því alfarið hafnað að DK Hugbúnaður ehf. eða starfsmenn fyrirtækisins hafi sýnt af sér sagnæma og ólögsmæta háttsemi sem hafi leitt til líkamstjóns stefnanda. Hún hafi ekki sýnt fram á að stefndi hafi með háttsemi sinni brotið gegn settum reglum eða sýnt af sér gáleysi með öðrum hætti sem hafi valdið henni líkamstjóni.
84. Vísað sé til fjölda ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og afleiddra reglugerða og reglna, án þess að færð séu viðhlítandi rök fyrir því með hvaða hætti stefndu eigi að hafa brotið gegn þeim, að skilyrði umræddra ákvæða séu uppfyllt eða að meint háttsemi stefndu hafi valdið stefnanda tjóni. Málatalibúnaður stefnanda sé því vanreifaður að þessu leyti og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda DK Hugbúnað ehf. af öllum kröfum stefnanda. Stefndu hafni öllum slíkum ásökunum enda hafi stefndi uppfyllt allar þær skyldur sem tilvitnuð lög og afleiddar reglugerðir hafi lagt á stefnda. Þá sé því einnig hafnað að meint brot gegn umræddum ákvæðum hafi leitt til meints tjóns stefnanda verði á það fallist að stefndi hafi að einhverju leyti ekki hagað málum sínum eins og þar sé mælt fyrir um. Sérstaklega verði að hafna því að skrifleg áætlun um öryggi á vinnustað eða sérstakt áhættumat hefði breytt einhverju.
85. Stefndu byggja á því að tilvísun stefnanda til reglna nr. 764/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum sé marklaus. Þessar reglur gildi ekki um starfsemi DK Hugbúnaðar ehf., sbr. 1. og 2. gr. reglnanna. Sama sé að segja um tilvitnaða reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Reglurnar og reglugerðin gildi um starfsemi þar sem starfsmenn þurfa að vinna beint með efni sem geta talist hættuleg eða mengun getur stafað af. Slíkt verður ekki heimfært yfir á skrifstofustörf.
86. Því sé alfarið hafnað að 6. gr. reglugerðar nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma eigi við í þessu máli. Óljóst sé hvaða meinta sjúkdóm DK Hugbúnaður

ehf. hefði átt að skrá hjá sér vegna stefnanda í ljósi þess að það hafi verið allsendis óvíst hvað hafi verið að hrjá hana. Því sé að auki hafnað að skráning tiltekins sjúkdóms hjá stefnda hefði breytt einhverju hvað varðað framvindu einkenna hjá stefnanda og þá staðreynd að hún vildi starfa áfram á vinnustöð sinni að Bæjarhálsi 1.

87. Þá sé því hafnað að stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi brotið gegn 10. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, sem og gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Stefndi hafi ekki vitað af mögulegum rakaskemmdum og myglu á 4. hæð hússins fyrr en í mars 2016 en þá hafi umfang rakaskemmdanna eða myglunnar ekki legið fyrir. Engar sýnilegar rakaskemmdir hafi verið til staðar og engin myglulykt verið í húsnæðinu. Enginn starfsmaður hjá DK Hugbúnaði hafi fundið fyrir neinum sérstökum einkennum. Stefnandi hafi engin einkenni sýnt fyrr en framkvæmdir hófust á 4. hæðinni í byrjun júlí 2016. Stefnandi hafði þá verið í húsnæðinu í 26–27 mánuði. Framkvæmdir vegna rakaskemmdanna hafi alfarið verið á vegum stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem hafði fengið Eflu sér til aðstoðar. Stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafði þar ekkert forræði enda ekki eigandi hússins heldur leigjandi. Fram hafi komið af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að verktakar myndu koma á hæðirnar, plasta upp í loft þar sem nýir veggir yrðu staðsettir og taka niður loftaplötur og fleira. Þannig væri komið í veg fyrir að mygla eða önnur efni myndu berast inn á starfssvæðin. Það hafi þó ekki farið betur en svo að verktakar hafi byrjað að rífa efni frá útveggjum áður en búið var að plasta upp í loft og virðist ryk og önnur efni hafa borist að einhverju leyti yfir á vinnusvæði stefnda því þó nokkrir starfsmenn fengu ofnæmiseinkenni. Um leið og þetta hafði gerst var þess krafist af hálfu stefnda að plastað yrði alveg upp í loft eins og átti að gera, auk þess sem nýi veggurinn yrði málaður til að rykbinda hann. Við því var brugðist nokkrum dögum síðar og þá hafi umhverfið lagast þannig að mjög hafi dregið úr ofnæmiseinkennum.

88. Samkvæmt upplýsingum sem stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafði á þessum tíma frá stefnda Orkuveitu Reykjavíkur átti framkvæmd fyrsta áfanga einungis að taka fjórar til sex vikur vegna allra hæðanna. Þessum tímamörkum hafi sífellt verið frestað og þau framlengd en það hafi ekki verið stefnda að kenna. Ávallt hafi verið reynt að búa svo um hnúta að starfsmönnum liði sem best. Stefnanda hafi aldrei verið meinað að vinna heima hjá sér eða á öðrum stað ef það hentaði betur. Þvert á móti hafi stefnandi verið hvött til að vinna heima eftir að hún fór að finna fyrir einkennum. Það hafi stefnandi ekki viljað og þá hafi ekkert verið við því að gera. Stefnandi var 43 ára þegar framkvæmdirnar hófust

og því fullorðinn einstaklingur sem gat tekið sínar eigin ákvarðanir og kaus að mæta á 4. hæð vesturhússins þrátt fyrir ofnæmiseinkenni.

89. Stefnandi hafi strax verið hvött til að hafa samband við Vinnuvernd, sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur hafði gert samkomulag við varðandi veikindi starfsmanna í tengslum við framkvæmdirnar. Það hafi stefnandi þó ekki gert fyrir en síðari hluta febrúar 2017, sjö mánuðum eftir að fyrstu einkenni hafi komið fram. Það hafi svo ekki verið fyrir en þá sem stefnandi hafi fallist á, eftir mikla pressu frá fyrirtækinu, að færa sig niður á 1. hæð hússins.
90. Stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi gert allt fyrir stefnanda sem félagið gat gert. Félagið hafði gert leigusamning við stefnda Orkuveitu Reykjavíkur og var bundið af honum til desember 2018. Þegar framkvæmdir hófust var rætt um að þær myndu ekki taka langan tíma en stefndi hafi enga ástæða haft til að rengja þær upplýsingar enda hafi þær verið byggðar á ráðum sérfræðinga Eflu. Ekki verði byggt á því að stefndi hefði átt að rifta leigusamningnum á þessum tíma eða flytja alla starfsemina strax í annað húsnæði. Ekki hafi verið orðið ljóst hvernig framkvæmdirnar myndu ganga og eftir að búið var að loka vinnusvæðið almennilega af á 4. hæðinni hafi langflestir starfsmenn fyrirtækisins verið án einkenna.
91. Eftir að stefnandi hafði farið til hjúkrunarfræðings og læknis í febrúar 2017 og fyrir lá að loftræstikerfinu sem notað var á 1. hæð Bæjarháls 1 yrði ekki breytt hafi stefndi þrýst mjög á stefnanda um að vinna að heiman og hún fallist á það.
92. Á því tímabili sem að framan ræði hafi stefndi DK Hugbúnaður ehf. ávallt brugðist við kvörtunum án tafar í tengslum við húsnæðið að því marki sem stefndi hafði forræði á þeim ráðstöfunum. Að öðru leyti hafi þurft að hafa samráð við stefnda Orkuveituna og Eflu. Stefnandi hafi ekki verið látin vinna á sýktum vinnustað eins og fram komi í stefnu, þvert á móti hafi hún haft fullt frelsi til að sinna vinnu sína annars staðar meðan á framkvæmdum stæði.
93. Því er sérstaklega hafnað að í því felist sagnæm háttsemi að kassi með jólaskrauti hafi verið sóttur úr OR-húsinu í aðdraganda jóla 2017, er starfsemin hafði verið flutt að Smáratorgi 3 í Kópavogi, sem hafi valdið því að stefnandi hafi fengið einkenni. Kassanum hafi enda verið fargað þegar í stað og húsnæðið þrifið hátt og lágt. Þetta eina litla atvik hafi auk þess ekki verið þess eðlis að það hafi getað valdið varanlegu líkamstjóni stefnanda.

94. Stefndi telur ósannað að stefnandi hafi fengið sjúkdóminn laryngitis (barkabólgu) vegna viðveru á Bæjarhálsi 1. Ekki dugi í þeim efnum að vísa til skýrslu háls-, nef- og eyrnalæknis þar sem engan rökstuðning sé að finna fyrir þessari niðurstöðu læknisins í skjalinu. Auk þess hafi stefnandi ekki verið lengi í aðstæðum þar sem raunveruleg hætta hafi verið á því að myglusveppur væri í loftinu.
95. Stefnandi vísi til þess að í húsi Orkuveitunnar hafi fundist nokkrar tegundir myglusveppa, svo sem *Cladosporium*, *Aspergillus* og *Penicillium*. Þessir myglusveppir hafi á hinn bóginn ekki fundist á 4. hæð samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, og þá hafi stefnandi ekki greinst með ofnæmi fyrir þessum myglusveppum.
96. Áréttað er að ákvörðun úrskurðarnefndar velferðarmála hafi ekkert sönnunargildi í málinu enda allt aðrar og meiri sönnunarkröfur í skaðabótamáli en þegar deilt er um hvort skilyrði almannatrygginga eru uppfyllt.
97. Fram komi í gögnum málsins að stefnandi sótti sjálf í að koma í húsnæðið, til dæmis á fundi, eða oft á tíðum einungis til þess að *ná sér í einkenni* þegar hún var á leið til læknis, eftir að hafa vera endanlega flutt úr Orkuveituhúsinu. Það geti ekki hafa verið gott fyrir ástand raddbandanna að stefnandi hafi með ásetningi mætt í húsnæðið til þess eins að fá þau einkenni sem hún er að ásaka meðal annarra DK Hugbúnað ehf. fyrir að hafa valdið henni. Þessi háttsemi stefnanda gangi í berhögg við regluna um að tjónþola beri að takmarka tjón sitt og leiði til þess að ekki sé hægt að leggja skaðabótaábyrgð á DK Hugbúnað ehf.

*Helstu málsástæður stefnda Orkuveitu Reykjavíkur*

98. Krafa stefnda um sýknu sé á því byggð að engum skilyrðum sé að lögum fullnægt til að fallist verði á viðurkenningarkröfu stefnanda um að stefndi beri óskipta ábyrgð með meðstefndu á afleiðingum sjúkdóms/veikinda stefnanda, eins og það hafi verið orðað í stefnu. Kröfur stefnanda gagnvart stefnda byggist á fullyrðingum um að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vanrækt umhirðu og viðhald með fasteigninni sem leitt hafi til tjónsins, sem og að þeir hafi ráðist í viðgerðir á húsnæðinu án þess að tryggja nægilega öryggi og heilsu stefnanda. Hvorug fullyrðingin eigi við rök að styðjast. Gögn málsins beri þvert á móti með sér að rakaskemmdir í húsnæðinu verði ekki raktar til neinnar slíkrar vanrækslu og að öll viðbrögð og ákvarðanir við og í tengslum við rakaskemmdirnar, þar með talið við tilhögun framkvæmda við húsnæðið, hafi ávallt verið teknar á grundvelli ráðgjafar

færustu sérfræðinga og með heilsu og vellíðan starfsfólks að Bæjarhálsi 1 í fyrirrúmi, þar með talið stefnanda.

99. Málsókn stefnanda er sögð beint að stefnda þar sem fyrirtækið beri réttindi og skyldur eiganda fasteignarinnar að Bæjarhálsi 1, þrátt fyrir að annað félag hafi verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar á árunum 2013 til 2017, á þeim grundvelli að stefndi hafi síðar keypt fasteignina og fyrrum eiganda hennar hafi verið slitið. Málalíbúnaði stefnanda sé að þessu leyti verulega ábótavant og umfjöllun um aðild fyrirtækisins að málinu vanreifuð.
100. Á árunum 2013–2017 hafi Foss Fasteignafélag slhf. verið eigandi fasteignarinnar að Bæjarhálsi 1 samkvæmt þinglýstu afsali, dagsettu 1. nóvember 2013. Stefndi hafi leigt húsnæðið af fasteignafélaginu og ekki eignast fasteignina að Bæjarhálsi 1 fyrr en með afsali dagsettu 20. september 2019. Sú ríka athafnaskylda fasteignareiganda sem stefnandi byggir á að stefndi hafi vanrækt stefnanda til tjóns á árunum 2016 og 2017 hafi þar með hvílt á Fossi Fasteignafélagi slhf. á þeim tíma sem um ræði en ekki stefnda, hafi sú skylda verið fyrir hendi á annað borð. Ekkert sé fjallað í stefnu um það hvernig stefndi geti borið þá meintu skyldu fasteignafélagsins eða hvort og á hvaða grundvelli sú athafnaskylda eða ábyrgð fasteignafélagsins hafi flust til stefnda. Á það sé bent að réttindi og skyldur fasteignafélagsins að þessu leyti hafi hvorki flust frá fasteignafélaginu til stefnda við framsal á eignarhaldi fasteignarinnar árið 2019 né heldur við félagsslitin. Af þeim sökum ætti því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda
101. Stefnandi hafi hvorki sannað né gert sennilegt að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til viðveru hennar í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1. Þaðan af síður hafi hún sýnt fram á að meint tjón sé sennileg afleiðing einhverrar saknæmrar og ólögmatrar háttsemi stefnda eða aðila sem stefndi ber ábyrgð á að lögum. Stefndi byggir á því að þar með sé grundvallarskilyrðum sakarreglunnar ekki fullnægt þannig að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda. Stefndi hafni þeirri fullyrðingu í málsatvikalýsingu stefnanda að ljóst megi vera að meintur sjúkdómur sem stefnandi kljáist við sé laryngitis (barkabólga) sem megi rekja til viðveru hennar í húsnæði stefnda. Slíkt sé ósannað auk þess sem einvörðungu sé um að ræða grun um sjúkdóm, eins og fram komi á læknisvottorði frá 5. febrúar 2019.
102. Jafnvel þótt sýnt væri fram á meint tjón stefnanda, og að það mætti rekja til aðbúnaðar í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1, sé því hafnað að stefndi hafi með einhverjum hætti sýnt af sér athafnaleysi eða vanrækslu við umhirðu og viðhald fasteignarinnar sem metið verði

stefnda til sakar. Jafnframt sé bent á að engin skylda að lögum hvíli á eigendum eða umráðendum fasteigna til að haga viðhaldi þannig að útilokað sé að þær verði fyrir rakaskemmdum. Að minnsta kosti ekki með þeim hætti að möguleg frávik frá þeirri bestu mögulegu umhirðu verði metin eiganda til sakar, eins stefnandi leggi til grundvallar.

103. Stefndi hafnar því að fyrirvarsmenn stefnda hafi ekki rækt viðhald og umhirðu með fasteigninni til að koma í veg fyrir að stefnandi og aðrir sem störfuðu að Bæjarhálsi 1 yrðu fyrir tjóni. Í stefnu sé í engu fjallað um hvernig viðhaldi og umhirðu hafi verið ábótavant og ósannað sé með öllu að óviðunandi viðhald og umhirða með fasteigninni hafi valdið raka- eða mygluskemmdum sem sé þó grundvöllur málshöfðunar stefnanda. Þvert á móti hafi raka- og mygluskemmdir verið raktar til ágalla í hönnun útveggja, framkvæmdar og eftirlits við uppsetningu þeirra, eins og fékkst staðfest með matsgerð dómkvaddra matsmanna, dagsettri 3. mars 2021. Þá bendi stefndi á að þegar framangreindir ágallar á hönnun húsnæðisins og framkvæmdinni hafi komið fyrst fram árið 2015 hafi stjórnendur stefnda brugðist við af festu með hagsmuni alls starfsfólks í húsnæðinu að leiðarljósi, þar með talið starfsfólks leigutaka svo sem meðstefnda. Stefndi hafi brugðist við raka- og mygluskemmdum í húsnæðinu í samræmi við ráðleggingar og leiðbeiningar sérfræðinga og heilbrigðisstarfsfólks. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á að stjórnendur stefnda hafi vitað um myglu- og rakaskemmdir fyrr en í september 2015, og þá aðeins í afmörkuðum hluta hússins. Vitneskja þeirra og þekking á vandamálinu hafi svo aukist smám saman eftir því sem rannsóknir sérfræðinga Eflu leiddu umfang vandans í ljós.

104. Þegar rakaskemmdir hafi uppgötvast hafi stefndi strax gripið til aðgerða til að draga úr hugsanlegum áhrifum á heilsu starfsfólks í húsnæðinu, þar með talið starfsfólks meðstefnda, DK Hugbúnaðar ehf., meðal annars með fræðslu og viðtalstímum hjá hjúkrunarfræðingi og lækni. Þá hafi allar framkvæmdir í húsnæðinu farið fram undir verkstjórn og eftirliti stefnda á grundvelli ráðgjafar sérfræðinga Eflu sem hafi jafnframt fylgdst með framkvæmdunum, meðal annars til að lágmarka eins og kostur var áhrif á starfsfólk í húsinu. Ráðist hafi verið í allar framkvæmdir og endurbætur á húsnæðinu í trausti þeirrar ráðgjafar sérfræðinga að heilsu starfsfólks væri ekki hætta búin. Ákvörðun um að ráðast í framkvæmdirnar og tilhögun þeirra verði því ekki metin stjórnendum stefnda til sakar jafnvel þótt sýnt yrði fram á að þær hafi haft neikvæð áhrif á heilsufar stefnanda. Stefndi telur útilokað að litið verði svo á að stjórnendur fyrirtækisins hefðu átt

að bregðast með öðrum hætti við rakaskemmdum í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1 en gert var, miðað við þær upplýsingar sem þeir höfðu á hverjum tíma.

105. Því sé sérstaklega hafnað að stjórnendur stefnda hafi vitað að heilsufari stefnanda og annars starfsfólks í húsnæðinu stafaði hætta af ástandi hússins og að hættan hafi verið fyrirsjáanleg vegna niðurstaðna úr sýnatökum í upphafi árs 2016. Þær fullyrðingar séu beinlínis rangar. Þar að auki beri gögn málsins með sér að stefndi reiddi sig á ráðgjöf helstu sérfræðinga landsins í rakaskemmdum sem töldu húsnæðið ekki ógna heilsu og lífi starfsmanna. Þá sé enn áréttað að stefndi hafði ekkert forræði á vinnuaðstöðu meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. og beri enga ábyrgð á henni gagnvart starfsmönnum fyrirtækisins. Þá hafi stefndi, eðli máls samkvæmt, ekki getað tekið einhliða ákvörðun um að rýma leiguhúsnæði meðstefnda. Það hafi ekki verið gert fyrr en með viðauka við húsaleigusamning aðila 1. mars 2017. Þá sé það beinlínis rangt að fyrirhafnarlítið hefði verið að rýma húsnæðið árið 2017. Sérstakur stýrihópur stefnda um endurbætur á Bæjarhálsi 1 tók ákvörðun um rýmingu þess 3. febrúar 2017 en þá kom fjöldi þátta til álita, þar á meðal greinargerð Eflu um rannsóknir og prófanir sem hafi verið fyrsta greinargerðin þar sem heildarumfang skemmda og umfang viðgerðaframkvæmda hafi komið fram ásamt tillögu að viðgerðum.

Stefndi hafði ekki aðkomu að málefnum starfsmanna meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf.

106. Stefndi hafni því sérstaklega að hann hafi haft beina aðkomu að málefnum starfsmanna meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. hvað þá að fyrirtækið hafi haft aðgang að eða umsjón með heilbrigðisupplýsingum starfsfólks meðstefnda.
107. Þá sé sérstaklega hafnað þeirri fullyrðingu að stefndi hafi vanrækt með öllu að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni stefnanda. Áréttað er að stefndi hafi ekki borið ábyrgð á starfsaðstöðu stefnanda heldur atvinnurekandi hennar, meðstefndi DK Hugbúnaður ehf. Í máltilbúnaði stefnanda sé rakin frásögn hennar af ófullnægjandi vinnuaðstöðu í fyrirtæki meðstefnda og tregðu forsvarsmanna þess til að leyfa stefnanda að sinna vinnu sinni utan vinnustaðar. Stefndi hafi sem leigusali meðstefnda, eðli málsins samkvæmt, enga aðkomu haft að ákvörðunum meðstefnda um vinnuaðstöðu starfsmanna fyrirtækisins eða viðveru þeirra í húsnæðinu. Til samanburðar meggi geta þess að starfsmenn stefnda sem þess óskuðu hafi verið fluttir úr vesturhúsi á árinu 2016. Stefndi árétti að gefnu tilefni að mikil áhersla hafi verið lögð á upplýsingagjöf og fræðslu til meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. og ítrekað brýnt fyrir forsvarsmönnum fyrirtækisins að

koma upplýsingum á framfæri við starfsfólk þess. Þá hafi stefndi gert allt sem í valdi hans stóð til að gæta að því að starfsfólk í húsnæðinu fengi viðunandi heilbrigðisráðgjöf ef það teldi sig finna fyrir einkennum en stefndi hafi engar upplýsingar haft um starfsfólk meðstefnda, eðli málsins samkvæmt.

108. Í málsatvikalýsingu stefnanda sé rakið hvernig heilsufari hennar hafi tekið að hraka á ný í nóvember 2017. Það telji stefnandi mega rekja til þess að meðstefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi flutt kassa með jólaskrauti úr húsnæðinu á Bæjarhálsi 1 í nýtt leiguhúsnæði fyrirtækisins í Turninum í Kópavogi. Af því tilefni sé áréttað að stefndi hafði enga aðkomu að flutningum meðstefnda og meðferð eigna fyrirtækisins. Stefndi hafi aftur á móti komið þeim upplýsingum og þeirri fræðslu á framfæri við meðstefnda að gæta þyrfti sérstakrar varúðar við flutning úr húsnæðinu.

Varakrafa um að skaðbótaskylda verði aðeins viðurkennd að hluta – Meðábyrgð stefnanda

109. Stefndi byggi á því að verði á annað borð fallist á að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna viðveru í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1 og að skaðabótaábyrgð verði felld á stefnda eigi bótaskylda að takmarkast vegna eigin ábyrgðar stefnanda á tjóninu. Samkvæmt málsatvikalýsingu í stefnu hafði stefnandi aldrei fundið til einkenna fyrr en við upphaf framkvæmda að Bæjarhálsi 1 sumarið 2016 en þau eru síðan sögð hafa farið stigvaxandi samhliða þeim og síðar orðið viðvarandi.
110. Á þessum sama tíma hafi stefndi ítrekað komið á framfæri upplýsingum til meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. og starfsmanna fyrirtækisins um að starfsfólk gæti fundið til áhrifa vegna myglu og áréttað nauðsyn þess að það fylgdist með heilsufari sínu og gerði viðeigandi ráðstafanir ef það fyndi til einkenna, svo sem með því að leita til hjúkrunarfræðings. Stefnandi starfaði að sögn um margra mánaða skeið við daglega síversnandi heilsufar og óforsvaranlega vinnuástöðu að eigin mati án þess að krefja meðstefnda DK Hugbúnað ehf. um úrbætur og án þess að leita sér lækniástoðar en engin gögn þar að lútandi liggi frammi í málinu.
111. Af stefnu verði ekki annað ráðið en að stefnandi telji meint tjón sitt stafa af veru í húsnæðinu að Bæjarhálsi 1. Í ljósi þeirra upplýsinga sem stefnandi hafði um möguleg áhrif rakaskemmda í húsnæðinu á heilsufar starfsfólks og þeirra einkenna sem stefnandi kveðst sjálf hafa haft um margra mánaða skeið verði að líta svo á að stefnanda hafi mátt vera ljóst að heilsu hennar gæti verið hætta búin. Aðgæsluleysi stefnanda að þessu leyti

verði að meta henni til sakar og viðurkenna aðeins rétt hennar til bóta úr hendi stefnda að óverulegum hluta.

#### *Niðurstaða*

112. Stefnandi krefst skaðabóta úr hendi stefndu vegna heilsutjóns sem hún rekur til ástands fasteignarinnar að Bæjarhálsi 1 frá júní 2016 til mars 2017. Óumdeilt er að fasteignin var haldin alvarlegum göllum sem leiddu til mikils leka á svonefndu vesturhúsi. Leitt hefur verið í ljós að þessir gallar voru til staðar allt frá byggingu fasteignarinnar um síðustu aldamót. Því var slegið föstu með mati dómkvaddra matsmanna sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur hlutaðist til um að afla, ótengdu sakarefni máls þessa. Sú matsgerð lá fyrir 7. mars 2021 en umræddir gallar leiddu til þess að miklar lekaskemmdir urðu á eigninni og það svo mjög að í raun þurfti að fjarlægja allt ytra byrði vesturhússins og alla innviði. Könnun vegna grunsemda um myglu sem hafist var handa við í ágúst 2015 hratt þessari atburðarás af stað. Mygla greindist í sýni sem tekið var á 2. hæð hússins á þeim tíma og rannsakað í september það ár. Frekari rannsóknir og úrvinnsla leiddu til þess að þessir alvarlegu ágallar uppgötvuðust á næstu mánuðum og misserum, eins og rakið er í lýsingu málsatvika.
113. Það er óumdeilt að þessar miklu rakaskemmdir leiddu til þess að mygla bjó um sig og spillti loftgæðum svo mjög að umtalsverður fjöldi starfsmanna sem vann í húsinu varð fyrir heilsukvillum af þeim sökum. Sérstaklega kvað rammt að þessu síðla árs 2015 og á árinu 2016, en tekin var ákvörðun um rýmingu vesturhússins í febrúar 2017 af hálfu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur.
114. Fyrir liggur að starfsemi stefnda DK Hugbúnaðar ehf., sem stefnandi starfaði hjá, var flutt úr húsnaðinu í júní 2017 en stefnandi vann ekki að staðaldri á Bæjarhálsi 1 eftir 1. mars það ár þar sem hún sinnti störfum í fjarvinnu. Byggt er þó á því af hennar hálfu að hún hafi komið í einhverjum mæli á starfsstöð stefnda DK Hugbúnaðar ehf. vegna funda með viðskiptamönnum.
115. Sumir starfsmenn stefndu Orkuveitu Reykjavíkur og DK Hugbúnaðar ehf. fengu alvarleg einkenni og liggur fyrir að stefnandi var ein af þeim, eins og leitt hefur verið í ljós með matsgerð sem aflað var af hennar hálfu og gefin var út 22. júní 2023. Eftir því sem ráða má af niðurstöðu matsmanna hefur stefnandi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni frá miðju ári 2016 til desember 2017. Afmörkun matsspurninga af hálfu stefnanda hvað tímabil snertir ræður miklu um niðurstöðu matsmanna þegar kemur að tímasetningum. Stefnandi

miðar upphafið við það þegar farið var að hrófla við innra byrði útveggjar á austurhlið 4. hæðar vesturhúss Bæjarháls 1, sem hún afmarkar að hafi verið í júní 2016. Ráða má af umfjöllun matsmanna að þeir telji að vísbendingar séu um að horfa hefði mátt til ársins 2015 einnig, í ljósi þeirra einkenna sem stefnandi hafi leitað sér lækninga við á því ári samkvæmt sjúkraskrá hennar.

116. Stefnu hafa gagnrýnt niðurstöðu matsmannanna og þá alveg sérstaklega stefndi DK Hugbúnaður ehf. sem byggir á því að líta eigi fram hjá niðurstöðu matsmanna vegna ágalla á matsgerðinni sem leiði til þess að ekki verð byggt á þeim ályktunum sem matsmenn hafi dregið og lagt til grundvallar niðurstöðum sínum.
117. Byggt er á því að sönnunargildi matgerðarinnar sé í raun ekki til að dreifa þar sem matsgerðin byggist á gögnum sem stefnu hafi ekki séð og í þeim efnun vísað til umfjöllunar matsmanna um upplýsingar úr sjúkraskrá stefnanda og þeirra ályktana sem matsmenn dragi af þeim gögnum. Einnig er gagnrýnt að matsgerðin byggist á spurningalista um næmi fyrir umhverfisþáttum, QEESI (enska: The Quick Environmental Exposure and Sensitivity Inventory) sem stefnandi hafi fyllt út í febrúar 2023 á vegum matsmanna um líðan sína á árinu 2016. Loks komi fram í matsgerðinni að stefnandi hafi sótt verulega í heilbrigðisþjónustu áður en hún hóf störf að Bæjarhálsi 1 en stefndi geti ekki tekið afstöðu til þess hvort þau veikindi hafi haft áhrif á heilsufar stefnanda á árinu 2016 þar sem stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að leggja fram sjúkraskrá sína þrátt fyrir áskorun stefnda DK Hugbúnaðar ehf. þar að lútandi í greinargerð.
118. Í þessu tilliti verður að halda því til haga að stefnu hafa ekki óskað eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna til að endurmeta þau atriði sem matsmenn mátu, sem þeim var þó tækt, sbr. 64. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir liggur að því hefur margoft verið slegið föstu af dómstólum að matsgerð sem ekki hefur verið hnekkt með öflun yfirmatsgerðar verði lögð til grundvallar nema sýnt sé fram á með óyggjandi hætti að hún eigi ekki við rök að styðjast.
119. Hvað þá ágalla snertir sem stefndi DK Hugbúnaður ehf. vísar til þeim málatilbúnaði til stuðnings að líta eigi fram hjá matsgerðinni skal því fyrst haldið til haga að matsmenn voru sér meðvitaðir um þann hæng sem var á því að láta stefnanda fylla út spurningalista um næmi fyrir umhverfisþáttum, QEESI, svo löngu eftir að atvik máls áttu sér stað. Fram kom fyrir dómi af hálfu matsmanns að höfð hefði verið hliðsjón af því hvernig niðurstaða þessarar prófunar hefði fallið að upplýstum málsatvikum og upplýsingum sem

matsmönnum hefðu verið aðgengilegar. Augljóst er við lestur matsgerðarinnar að niðurstaðan úr þessu prófi réð engum úrslitum um niðurstöðu dómkvaddra matsmanna.

120. Hvað varðar gögn um fyrra heilsufar stefnanda liggur fyrir að ekki var brugðist við áskorun stefnda DK Hugbúnaðar ehf. um framlagningu gagnanna sem fram kom í greinargerð stefnda. Því skal þó haldið til haga að áskorun þessi var ekki sett fram undir þeim formerkjum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála og á því stigi málsins er greinargerðin var lögð fram lá ekki fyrir að stefnandi hefði þessi gögn í fórum sínum. Þannig liggur ekki fyrir að skilyrði 2. mgr. 67. gr. um að gögnin væru í vörslum stefnanda hafi verið fullnægt. Það sem þó mestu ræður í þessu tilliti er að það var fyrst eftir að dómsmálinu hafði verið úthlutað til embættisdómara og greinargerðir stefndu lágu fyrir sem stefnandi óskaði dómkvaðningar matsmanna. Á fyrsta matsfundi eftir að það hafði verið gert, sem var meðal annars sóttur af hálfu stefndu, var gengið formlega frá ótakmarkaðri skriflegri heimild matsmanna til að afla gagna um fyrra heilsufar stefnanda. Það gerðu matsmenn síðan, eins og matsgerð þeirra ber með sér. Eftir að matsgerðin lá fyrir og var lögð fram í dómsmálinu komu engar athugasemdir fram af hálfu stefndu um að hún byggðist á upplýsingum úr gögnum sem þeim væru ekki aðgengilegar fyrr en við málflutning. Þá nýttu stefndu sér ekki heimild 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga um meðferð einkamála til þess að fá þessi gögn um fyrra heilsufar afhent frá matsmönnum. Stefndu hefðu alltaf átt þann kost að beina kröfum að matsmönnum í málinu á grundvelli þessara lagaákvæða og fá þá sem vörslumenn skjalanna þvingaða til að afhenda þau, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 132/2016 frá 17. mars 2016. Það gerðu þeir hins vegar ekki.
121. Með hliðsjón af framangreindu eru hvorki forsendur til að líta fram hjá niðurstöðu matsgerðarinnar né til að leggja til grundvallar að sjúkdómseinkenni stefnanda eigi rót að rekja til annarra ástæðna en mengunar af völdum myglusveppa. Loks liggur fyrir að matsmenn fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður að því marki sem unnt var í ljósi þeirra miklu breytinga sem gerðar hafa verið á húsnæðinu. Þá báru þeir aðstæður saman við myndir sem þeir höfðu af húsnæðinu, meðal annars af sýnatökustöðum og hvar mygla fannst og í hve miklum mæli.
122. Í þessu ljósi er ekkert fram komið sem bendir til þess að ekki hafi verið gætt rétttra aðferða við mat hinna dómkvöddu matsmanna eða að niðurstaða þeirra byggist á röngum forsendum. Það er mat dómsins sem meðal annars er skipaður sérfróðum meðdómsmanni að matsgerðin sé þvert á móti vel rökstudd og sannfærandi þótt taka verði með vissum

fyrirvara umfjöllun matsmanna um hin svokölluðu VOC-efni því að þar er um að ræða illa skilgreint hugtak með óljósa eiginleika og átti það enn frekar við á þeim tíma sem um er fjallað í málinu. Þannig verður niðurstaða matsmanna lögð til grundvallar um að stefnandi hafi orðið fyrir varanlegum heilsubresti af starfsaðstæðum að Bæjarhálsi 1 vegna raka og myglu þannig að líkur á umtalsverðum bata séu hverfandi. Leikur því ekki vafi á heilsutjóni stefnanda og á orsakatengslum þess við starfsaðstæður að Bæjarhálsi 1 frá júní 2016 til mars 2017 þótt umfang tjónsins hafi ekki enn verið metið í samræmi við skaðabótalög nr. 50/1993.

#### Kröfur stefnanda á hendur stefnda Orkuveitu Reykjavíkur

123. Kemur þá næst til skoðunar hvort stefndi Orkuveita Reykjavíkur verði talinn bera ábyrgð á tjóni stefnanda. Hún byggir á því að téður stefndi beri ábyrgð á tjóni hennar vegna saknæmra aðstæðna á vinnustaðnum og saknæmt sé hvernig stefndi hafi brugðist við þeim aðstæðum. Á stefnda hafi hvílt rík athafnaskylda sem fasteignareiganda til að rækja viðhald og umhirðu fasteignarinnar. Stefnda hafi jafnframt borið skylda til að koma í veg fyrir að þeir sem ættu erindi í fasteignina yrðu fyrir tjóni. Fasteignareigendum sé skylt að gera hæfilegar ráðstafanir til að afstýra tjóni.
124. Stefndi hefur borið fyrir sig til sýknu að hann hafi ekki verið eigandi fasteignarinnar Bæjarháls 1 á tímabilinu júní 2016 til 2017 er tjón stefnanda átti sér stað eins og stefnandi afmarkar tímabilið. Að auki hefur hann byggt á því að saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa.
125. Á það verður ekki fallist að stefndi geti borið því við að hann beri að sýkna þar sem hann hafi ekki verið þinglýstur eigandi Bæjarháls 1 á tilgreindu árabili. Er þar fyrst til þess að líta að í leigusamningi, sem gerður var samhliða því að stefndi afsalaði eigninni á árinu 2013, er kveðið á um að stefnandi beri alla ábyrgð á viðhaldi fasteignarinnar í stóru sem smáu. Stefndi gekk enda fram í samræmi við þá ábyrgð þegar hann hlutaðist til um rannsókn byggingarinnar, lét vinna áætlanir um endurbætur og hófst handa við úrbætur. Stefndi gekk í raun fram eins og hann væri raunverulegur eigandi eignarinnar en ekki leigutaki. Þá verður ekki fram hjá því litið að samkvæmt matsgerð sem stefndi aflaði stöfuðu ágallarnir á Bæjarhálsi 1 af hönnun og byggingu hússins í öndverðu en á þeim tíma var stefndi eigandi fasteignarinnar. Á hinn bóginn ber að líta til þess að stefnandi var ekki starfsmaður stefnda og því ekki á hans ábyrgð í húsnæðinu eða háð ákvörðunum stefnda um framkvæmd vinnu sinnar og hvar hún hafði starfsaðstöðu.

126. Bótaábyrgð vegna sjúkdóma sem fólk verður fyrir á vinnustað vegna ágalla á vinnuaðstæðum hefur í dómaframkvæmd verið felld á atvinnurekendur og húseigendur á sakargrundvelli, til dæmis vegna skorts á leiðbeiningum og/eða vegna ófullnægjandi loftræstingar og skorts á viðhlítandi hlífðarbúnaði, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 49/1997 frá 9. október 1997, nr. 315/2006 frá 8. mars 2007 og nr. 598/2011 frá 31. maí 2012.
127. Stefnandi byggir málatilbúnað sinn um sakarábyrgð stefnda á því að stefndi hafi með saknæmum og ólögmætum hætti vanrækt skyldur sínar sem fasteignareigandi og þannig valdið stefnanda bótaskyldu tjóni. Saknæm vanræksla stefnda er talin felast í tveimur atriðum fyrst og fremst. Annars vegar byggir stefnandi á því að saknæmt hafi verið að ráðast í umfangsmiklar viðgerðir á húsnæðinu á sama tíma og starfsemi var í því þrátt fyrir vitneskju um að *hið myglu- og rakaskemmda húsnæði þess að Bæjarhálsi 1, hafi verið heilsuspillandi fyrir þá sem þar störfuðu*, eins og komist er að orði. Hins vegar er byggt á því að stefndi hafi vanrækt með öllu að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni stefnanda. Stefnandi hafi verið skylt að haga framkvæmdunum þannig að sem minnst hætta skapaðist. Að mati stefnanda hefði verið hægt að koma í veg fyrir eða í það minnsta draga verulega úr tjóni hennar ef stefndi hefði rýmt húsnæðið þegar myglu- og rakaskemmdirnar komu í ljós og áður en ráðist var í framkvæmdirnar, sem stefnandi taldi fyrirhafnarlitla ráðstöfun.
128. Fyrir liggur í gögnum málsins að stefndi hlutaðist til um að úttekt yrði gerð á Bæjarhálsi 1 á árinu 2013 í tilefni af sölu fasteignarinnar, sem fram fór 25. október 2013. Við þá úttekt urðu starfsmenn verkfræðistofunnar Verkís, sem gerðu úttektina, varir við ummerki eftir leka á 2. hæð vesturhúss og það leiddi til þess að starfsmenn Frumherja ehf. voru fengnir til að staðreyna hvort raka væri til að dreifa. Könnun þeirra leiddi engan slíkan raka í ljós en talið var að ofn hefði lekið og sá leki valdið ummerkjunum. Engum gögnum er þannig til að dreifa sem skjóta stoðum undir það að stefndi hafi mátt vita af myglu í fasteigninni fyrir en á haustmánuðum 2015 er það var staðreynt að mygla væri þar.
129. Fyrir liggur að áður en Náttúrufræðistofnun Íslands hafði greint sveppagró í sýnum í september 2015 hafði stefndi kallað til sérfræðinga verkfræðistofunnar Eflu til að rannsaka rakaskemmdir og mögulega myglu sem og til ráðgjafar um hvernig standa mætti að úrbótum og upplýsingagjöf til starfsmanna. Verður ekki séð að betur hefði verið hægt að standa að verki í þeim efnum. Ekki verður síðan talið óeðlilegt eða saknæmt að

stefndi skyldi ekki komast til botns í því í einni sviphendingu hversu slæmt ástand hússins var.

130. Verður það því ekki talið til vanrækslu að koma ekki í veg fyrir raka og skaðleg áhrif myglu strax né verður lagt til grundvallar að stefndi hefði átt að loka vesturhúsinu strax á árinu 2015. Umfang rakaskemmdanna og raunverulegt ástand vesturhússins kom í raun ekki endanlega í ljós fyrr en í árslok 2016 og ársbyrjun 2017. Sú forsenda á þannig ekki við rök að styðjast sem stefnandi gefur sér fyrir málsástæðu um sakarábyrgð stefnda að forsvarsmenn stefnda hafi haft vitneskju um heilsuspillandi vinnuaðstæður í húsinu fyrir starfsmenn vegna myglu- og rakaskemmda strax frá öndverðu.
131. Horfa verður til þess að auk þess að vera ekki kunnugt um umfang myglu og rakaskemmda á árinu 2015 og 2016 fékk stefndi þá ráðgjöf læknis með ofnæmis- og ónæmissjúkdóma sem sérgrein, sem hann leitaði til sérstaklega af þessu tilefni, að starfsmönnum stafaði ekki hætta af vinnuumhverfinu ef þeim í þeirra hópi sem fyndu til einkenna gæfist kostur á að færa sig til innan vinnustaðarins, úr aðstæðunum. Þessi ráðgjöf var færð til bókar í drögum að fundargerð sem rituð var í desember 2016 og læknirinn staðfesti ráðgjöfina á ný í framburði fyrir dómi og stóð við hana. Því verður ekki á það fallist að stefndi hafi látið sér hagsmuni og velferð starfsmanna, hvorki sinna starfsmanna né annarra, í léttu rúmi liggja.
132. Þá verður það ekki heldur talið leiða til saknæms athafnaleysis að stefndi hafði ekki heildstæða stefnu um viðbrögð ef upp kæmi mygla vegna rakaskemmda í húsnæði hans. Bæði verður að horfa til þess sem fram kom fyrir dómi í framburði [...] læknisins sem skoðaði starfsmenn sem unnu að Bæjarhálsi 1 að beiðni stefnda sem og læknanna sem voru dómkvaddir sem matsmenn, að þekking á því að mygla og rakaskemmdir gætu haft alvarleg áhrif á ónæmiskerfi fólks er orðinn allt önnur nú en var á árum áður, þar á meðal að slíkt geti leitt til varanlegs heilsutjóns. Einnig verður að horfa til þess að fasteignin Bæjarháls 1 var nýlega byggð þannig að ef allt hefði verið eðlilegt hefði ekki átt að vera hætta á myglu í húsinu vegna leka. Loks er einnig til þess að horfa að ekki verður séð á hvern hátt viðbrögð stefnda hefðu getað orðið önnur á árunum 2015 til 2017. Strax og rakaskemmdir og mygla greindust haustið 2015 aflaði stefndi sér fulltingis sérfræðinga verkfræðistofunnar Eflu eins og áður gat. Þar á meðal var hjúkrunarfræðingur sem sérhæft hafði sig í heilsufarsvanda tengdum fasteignum. Jafnframt naut stefndi aðstoðar og ráðgjafar læknis með sérþekkingu í ofnæmis- og ónæmissjúkdómum sem skoðaði og rannsakaði á fimmta tug starfsmanna stefnda auk starfsmanna leigutaka, þar á meðal

stefnanda. Eins og að framan er getið kom lækurinn fyrir dóm og staðfesti ráðgjöf sína og bar um aðkomu sína að málinu og fjallaði um skaðleg áhrif raka í húbýlum manna. Fyrir liggur að stefndi fylgdi ráðum læknisins og sérfræðinga verkfræðistofunnar í hvívetna eftir því sem ráða má af gögnum málsins. Stefnandi hefur hvorki fært sönnur á hið gagnstæða né gert það líklegt. Verður því ekki talið að stefndi hafði látið undir höfuð leggjast að fullnægja í þeim efnum ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

133. Starfsemi stefnda og meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. sem fram fór í vesturhúsi Bæjarháls 1 fólst í hefðbundnum skrifstofustörfum. Hættueiginleikar þeirrar starfsemi voru alls ekki aðrir og meiri en í sambærilegum störfum. Af þeim sökum verður beitt venjulegu sakarmati gagnvart þessum stefnda við úrlausn málsins enda þess almennt ekki að vænta að skrifstofustörf sem slík séu svo líkleg til að leiða til heilsutjóns að fella beri strangt sakarmat á stefnda fyrir að hagnýta húsnæði sitt í þessum tilgangi, þar með talið til útleigu, áður en rakaskemmdir og mygla uppgötvuðust. Er aðstaðan í þessu máli ólík þeim tilvikum sem voru til umfjöllunar í fyrrgreindum dómum Hæstaréttar í málum nr. 49/1997, nr. 315/2006 og nr. 598/2011 þar sem tilefni var til strangs sönnunarmats eða öfugrar sönnunarbyrði af atviksbundnum ástæðum sem eru eðlisólíkar umfjöllunarefni máls þessa gagnvart þessum stefnda. Aðstæður hér eru á engan hátt þannig óvenjulegar að leigusala eins og stefnda hafi mátt vera ljós sú áhætta sem svo leystist úr læðingi.
134. Áréttta verður að stefndi virðist hafa lagt áherslu á að hafa sér til fulltingis sérfræðinga í viðbrögðum við mygluvandamálum í fasteignum sem miðluðu upplýsingum til starfsmanna bæði á fundum og með gögnum sem komið var á framfæri við starfsmenn rafrænt. Stefndi virðist í þeim efnum hafa lagt sig í framkróka við að beina slíkum upplýsingum til meðstefnda DK Hugbúnaðar ehf. og ítrekað komið því sérstaklega á framfæri við forsvarsmenn þess síðarnefnda að slíkum upplýsingum væri deilt með starfsmönnum hans. Þannig hafi starfsmönnum stefnda sem og meðstefnda verið af hálfu stefnda gert kleift að leita til heilbrigðisstarfsmanna, hjúkrunarfræðings og læknis, sem höfðu viðeigandi sérþekkingu til að bregðast við mögulegum heilsufarsvanda sem mengun vegna myglu gæti valdið. Það er síðan ekki á ábyrgð stefnda að meðstefndi deildi á stundum slíkum upplýsingum ekki með starfsmönnum sínum, eins og síðar verður vikið að. Málalilbúnaður stefnanda um að stefndi hafi vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni hennar á þannig ekki við rök að styðjast.

135. Áréttta verður að stefndi Orkuveita Reykjavíkur hafði í þessum efnum engin tók á að kveða á um framkvæmd heilsuverndar stefnanda enda í engu réttarsambandi við hana eða atvinnurekanda hennar sem hefði réttlætt slíka framgöngu gagnvart stefnanda. Það var ekki á valdi stefnda að kveða á um það hvar stefnandi leysti störf sín af hendi, að Bæjarhálsi 1 eða annars staðar. Fyrir liggur upplýst að það varð ekki ljóst fyrr en í árslok 2016 hversu slæmt ástand vesturhússins að Bæjarhálsi 1 var og sýnt varð að húsið þyrfti að rýma af þeim sökum á meðan úrbætur færu fram. Stefnandi fluttist síðan af 4. hæð hússins og niður á 1. hæð um stundarsakir síðla í febrúar og fór svo alfarin 1. mars 2017 úr húsinu.
136. Í ljósi framangreinds verður ekki á það fallist að stefndi hafi gert sig sekan um bótaskyلت athafnaleysi gagnvart stefnanda og verður því ekki talið að sakarábyrgð stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sé til að dreifa. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Kröfur á hendur stefndu DK Hugbúnaði ehf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.

137. Fyrir liggur að stefnandi var starfsmaður stefnda DK Hugbúnaðar ehf. samkvæmt gagnkvæmum ráðningarsamningi þar að lútandi. Stefndi bar þannig ábyrgð gagnvart stefnanda í samræmi við lög um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum, sbr. 1. gr. laganna og II. kafla þeirra. Það stóð þannig þessum stefnda næst að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi stefnanda og annarra starfsmanna sinna, sbr. a-lið 1. gr. laganna.
138. Stefnandi hefur í málalíbúnaði sínum meðal annars byggt á nefndum lögum um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Málalíbúnaðurinn í því tilliti er þó ekki svo markviss sem best væri á kosið og stefnda í nokkru gert erfitt fyrir um varnir í þessu tilliti. Þannig er í stefnu á köflum gerð lítil grein fyrir málsástæðum sem byggjast á lögnum og viðkomandi reglugerðum en þess í stað látið við það sitja að telja upp nokkurn fjölda laga- og reglugerðarákvæða sem fullyrt er að framganga stefnda hafi strítt gegn. Að auki ber nokkuð á tilvitnunum til ákvæða laga og reglna sem trauðla geta átt við um störf skrifstofufólks, svo sem ákvæða 64., 65. og 66. gr. laganna, en í því sambandi verður ekki fallist á þann málalíbúnað stefnanda að það að komið hafi í ljós rakaskemmdir og mygla á 2. hæð Bæjarhálsi 1 hafi leyst úr læðingi skyldu til aðgerða í samræmi við nefnd lagaákvæði. Þá verður ekki séð að reglugerð nr. 764/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum eigi við enda almennt ekki líkur á að starfsemi

sem felst í skrifstofuvinnu hafi í för með sér áhættu vegna líffræðilegra skaðvalda svo horft sé til afmörkunar í 2., 4. og 5. gr. reglugerðarinnar, en í síðastnefnda ákvæðinu er beinlínis talað um val á líffræðilegum skaðvaldi í starfsemi. Að sama bruni ber með tilvitnun til reglugerðar nr. 533/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum sem á við um vinnustaði þar sem unnið er með hættuleg efni eða efnavörur, efnaúrgang eða spilliefni. Eins verður ekki séð að nefndum laga- og reglugerðarfyrirmælum sé ætlað að taka mið af atviksbundnum tilvikum eins og hér um ræðir.

139. Þá verður ekki á það fallist að í því felist sagnæm háttsemi af hálfu stefnda að stofna ekki öryggisnefnd í samræmi við 6. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Slík skylda er ekki fyrir hendi nema fjöldi starfsmanna sé að minnsta kosti 50, Starfsmenn stefnda náðu ekki þeirri tölu er mygla og rakaskemmdir komu fyrst í ljós árið 2015 en samkvæmt ársreikningi félagsins árið 2016 voru stöðugildi hjá fyrirtækinu 45 það ár. Þótt starfsmönnum hafi fjölgað þannig að stöðugildin hafi náð nefndri lágmarkstölu á árunum þar á eftir verður ekki séð að orsakasamband sé milli heilsutjóns stefnanda og þess að ekki hafi verið stofnuð öryggisnefnd er lágmarksfjöldi starfsmanna samkvæmt 6. gr. var náð.
140. Þótt ekki verði þannig á því byggt að stefndi hafi brotið gegn þeim háttæmisreglum laga og reglugerða sem stefnandi vísar einkum til leikur ekki vafi á því að stefndi bar sem atvinnurekandi samkvæmt framansögðu ábyrgð gagnvart stefnanda á því að starfsumhverfi hennar væri heilsusamlegt. Það verður að telja það grundvallarskyldu stefnda sem atvinnurekanda gagnvart starfsmanni sínum í gagnkvæmu ráðningarsambandi að tryggja að stefnandi væri ekki útsett fyrir óheilsusamlegu vinnuumhverfi. Stefndi hafði þannig frumkvæðisskyldu til að tryggja þetta og þá að afstýra því að það leiddi til heilsutjóns ef út af brygði, sbr. til dæmis 13. gr. laganna um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum.
141. Þegar lagt er mat á framgöngu stefnda frá því að mygla greindist á Bæjarhálsi 1 í september 2015 og þar til stefnandi hvarf af vettvangi og hóf að vinna einvörðungu utan vinnustaðar 1. mars 2017 virðist mega draga þá ályktun að forsvarsmenn stefnda og stefndi þar með hafi fyrst og fremst upplifað sig sem fórnarlamb og þolanda þeirra aðstæðna að myglumengun vegna rakaskemmda hefði komið upp í húsnæðinu. Fyrirtækið sem leigutaki væri í þeim efnunum á sama báti og starfsmenn þess og það væri

alfarið á herðum meðstefnda sem leigusala að greiða úr þeim vanda sem upp væri kominn.

142. Af málsatvikum verður í raun ekki dregin önnur ályktun en að stefndi hafi ekki haft frumkvæði að því að bregðast við aðsteðjandi vanda hvað starfsskilyrði starfsmanna félagsins snerti. Stefndi aflaði sér engra upplýsinga sjálfstætt heldur virðist hafa reitt sig alfarið á upplýsingar frá meðstefnda og beðið átekta eftir aðgerðum af hans hálfu. Þetta andvaraleysi virðist hafa valdið því að stefndi hafi sýnt velfarnaði starfsmanna sinna visst skeytingarleysi þar sem undir hælinn virðist jafnvel hafa verið lagt hvort upplýsingum sem forsvarsmönnum félagsins bárust hafi verið komið á framfæri við starfsmenn, jafnvel þótt meðstefndi Orkuveita Reykjavíkur hefði beinlínis óskað eftir því að upplýsingar yrðu framsendar til starfsmanna. Um þetta báru þónokkrir þáverandi starfsmenn stefnda fyrir dómi að stefndi hefði ekki haft frumkvæði hvað þetta varðar gagnvart starfsmönnum sínum.
143. Þannig liggur ekki fyrir að komið hafi verið á framfæri við starfsmenn stefnda fundarboði meðstefnda frá 29. október 2015 þar sem þeim var boðið að koma til fundar sem forstjóri meðstefnda hélt 30. október sama ár með starfsmönnum sínum til að kynna það að mygla hefði komið upp í fasteigninni og til hvaða ráða væri verið að grípa. Í fundarboðinu komu fram upplýsingar um alvarlegar rakaskemmdir og til hvaða ráða meðstefndi væri að grípa. Þá var sérstaklega tekið fram að sérfræðingar verkfræðistofunnar Eflu myndu sitja fyrir svörum á fundinum. Samkvæmt framburði starfsmanna fyrir dómi fréttu þeir á skotspónum af rakavandamálum og myglu í húsinu, meðal annars í mötuneytinu og einn með samfylgd með forstjóra meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur í lyftu í húsinu.
144. Upplýsingum frá meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem tilkynnt var um 18. febrúar 2016 var ekki komið á framfæri við starfsmenn stefnda. Þær lutu að því að meðstefndi hygðist standa að rannsóknum á 4. hæð hússins með gerð könnunargata á innra byrði útveggja hússins. Þrátt fyrir að þetta erindi væri áréttað 9. mars var því ekki komið á framfæri við starfsmenn svo séð verði þótt þess hefði verið sérstaklega óskað.
145. Það var svo í kjölfar þess að starfsmenn urðu varir við þessar framkvæmdir og veltu vöngum yfir tilgangi með könnunargötunum að forsvarsmáður stefnda hafði samband við meðstefnda 21. mars 2016, að því er virðist í fyrsta sinn, vegna þessara myglumálefna. Í kjölfarið funduðu forsvarsmenn stefnda með starfsmanni meðstefnda 29. mars og sendu svo starfsmönnum sínum orðsendingu degi síðar, svohljóðandi: *Sæl öll. Hróðný frá Orkuveitunni kom á fund til okkar og upplýsti okkur um stöðu mála vegna*

*rakaskemmda á húsnæði Orkuveitunnar hér á Bæjarhálsi 1. Fyrirhugað er að hefja viðgerðir á austurhlíð vesturhúss tjarnar megin núna í maí. Þessi viðgerð er gerð utanfrá og á því ekki að raska neinu hér innanhúss. Eins hafið þið orðið vör við að iðnaðarmenn sem eru að opna útveggi niður við gólf og þar hafa komið í ljós einhverjar rakaskemmdir (og mygla). Þessar rakaskemmdir hafa stafað af leka í ofnum, en ekki vegna vatns sem hefur komist inn utan frá. Núna er verið að vinna í að fjarlægja þær rakaskemmdir sem hafa komið í ljós hér niður við gólf. Allt efni sem er með myglu verður fjarlægt og hent og nýtt sett í staðinn. Fylgst er ítarlega með loftgæðum í loftræstikerfinu og mælingar sýna að loftgæðin eru í góðu lagi. Ef þið finnið fyrir einhverjum einkennum sem þið teljið að mögulega séu vegna áhrifa frá myglu, þá endilega hafið samband við Hróðnýju (Hrodny.Njardardottir@or.is) og hún mun aðstoða ykkur við að fá greiningu.*

146. Upplýst er að könnun á vegum verkfræðistofunnar Eflu á næstu mánuðum leiddi í ljós miklu viðurhlutameiri ágalla en áður hafði verið talið að væru til staðar, eins og grein var gerð fyrir í skýrslu dagsettri 7. júní 2016 sem Efla gaf út og afhenti meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. efnisgrein 24 hér að framan.
147. Forsvarsmaður stefnda kom orðsendingu á framfæri af framangreindu tilefni með frásögn af væntanlegum fundarhöldum sérfræðinga Eflu í þeim tilgangi að koma upplýsingum til starfsfólks sem vann að Bæjarhálsi 1, þar með talið starfsmanna stefnda. Orðsendingin var sett fram, að því er virðist, í gamansömum tón eða kaldhæðnislegum þar sem kvittað var undir *Bestu rakakveðjur* og eftirskrift látin fylgja þar sem sagði að annar forsvarsmaður stefnda myndi örugglega finna einhverja fræga setningu sem þessa, eins það var orðað: *Mikilvægt er að góður vatnsleki sé til staðar til að skapa vænlegt umhverfi fyrir rakaskemmdir, því annars væru ekki rakaskemmdir.*
148. Meðstefndi Orkuveita Reykjavíkur efndi til þessa kynningarfundar með sérfræðingum Eflu 14. júní og var gert ráð fyrir að kynningarfundur með starfsmönnum stefnda DK Hugbúnaðar ehf. sem fram færi þann dag myndi standa í 30 mínútur. Einn sérfræðinga Eflu kom fyrir dóm, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, og bar um að fundirnir hefðu verið haldnir til að veita almenna fræðslu um afleiðingar rakaskemmda og myglu á heilsufar fólks og þá meðal annars þess getið að 20-40% fólks gæti fundið til einkenna af þeim sökum. Á fundinum var ennfremur farið yfir glærुकynningar er lutu að svonefndri innivist og myglusveppum. Þá var farið yfir væntanlegar framkvæmdir og hvernig reynt yrði að hindra að mengun vegna myglu myndi berast um húsið. Kynnt var að starfsmenn

gætu leitað til hjúkrunarfræðings sem myndi veita ráð og vísa fólki áfram til sérfræðilæknis eftir því sem þörf krefði.

149. Tveimur dögum síðar, 16. júní, var forsvarsmönnum stefnda send orðsending þar sem bæklingur um svonefnda *innivist* fylgdi hjálagður, en hann hafði verið kynntur með glærum á fyrrnefndum fundi, auk þess sem í orðsendingunni voru upplýsingar er lutu að aðgengi að nefndum hjúkrunarfræðingi ef fólk fyndi til einkenna og netfang hennar gefið upp. Gögnum er ekki til að dreifa um að þessari orðsendingu, viðhengi hennar eða upplýsingum sem í henni fólust hafi verið komið á framfæri við starfsmenn stefnda.
150. Sama dag barst forsvarsmanni stefnda og ýmsum starfsmönnum meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur orðsending um að þær innanhússviðgerðir væru að fara að hefjast sem kynntar hefðu verið á starfsmannafundinum. Þær myndu hefjast með því að settir yrðu upp veggir innan við austurvegginn til að skapa vinnurými fyrir iðnaðarmennina. Því var beint til viðtakenda að upplýsa starfsmenn sína um framkvæmdina og gerði stefndi það samdægurs.
151. Í kjölfar þess að framkvæmdirnar hófust fór veikindadögum stefnanda fjölgandi auk þess sem stefnandi hefur byggt á því að hafa átt við vanlíðan að stríða flesta daga í vinnu en verið mun betri um helgar framan af. Sú staðhæfing fær stoð í framburði annarra starfsmanna stefnda sem gáfu skýrslu fyrir dómi auk þess hún samrýmist samtímalýsingu stefnanda í svonefndri sérfræðingsnótu sem [...]læknir sem skoðaði hana 1. mars 2017 ritaði. Þessi einkenni eru jafnframt í samræmi við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um varanlegt heilsutjón stefnanda og umfjöllun þeirra og [...] um það hvernig sjúkdómseinkenni af þessu tagi eru talin geta þróast.
152. Upphaflegar áætlanir um framkvæmdatíma sem átti að nema sjö vikum fóru úrskeiðis. Forsvarsmenn stefnda upplýstu starfsmenn sína um það 4. nóvember 2016 að starfsmenn þyrftu að búa við skert vinnusvæði fram yfir áramót en sú skerðing hafði þá staðið frá því í lok júní. Ekkert var vikið að heilsufarsaðstæðum starfsmanna eða slíkum atriðum í orðsendingunni að því undanskildu að tekið var fram að ef veður leyfði væri gott að opna glugga á meðan starfsmenn færu í mat og loka þeim er þeir kæmu til baka þar sem góð loftskipti væru mikilvæg.
153. Fram kom í framburði starfsmanna fyrir dómi að starfsaðstaðan hefði verið mjög slæm og að það hefði oft verið rædd milli starfsmanna og við yfirmenn hjá stefnda DK Hugbúnaði ehf. Raunar kom einnig fram af hálfu forsvarsmanns stefnda að fyrirtækið hefði verið ósátt við aðstæðurnar og hefði þrýst á stefnda Orkuveitu Reykjavíkur þar sem

þessar úrbætur sem ráðist var í hefðu átt að standa um skamma hríð. Um þetta bera merki orðsendingar sem forsvarsmaður stefnda DK-Hugbúnaðar ehf. sendi starfsmönnum 4. nóvember 2016 og 16. desember sama ár. Tilefni síðarnefndu orðsendingarinnar var útgáfa greinargerðar verkfræðistofunnar Eflu sem dagsett var 7. sama mánaðar, sbr. efnisgrein 36 hér að framan, þar sem gerð var grein fyrir því að ástand hússins vegna rakaskemmda væri mun alvarlegra en áður hafði verið talið.

154. Þrátt fyrir að vera það ljóst hve aðstæðurnar voru starfsmönnum örðugar greip stefndi ekki til aðgerða sjálfur og virðist hafa látið hjá líða að fylgja eftir af festu málum er lutu að velfarnaði starfsmanna. Þannig er til dæmis engum gögnum til að dreifa sem gefa til kynna að stefndi hafi framsent til starfsmanna orðsendingu frá meðstefnda til stefnda 24. nóvember eða upplýst þá um efni hennar á annan hátt, en þar var enn áréttað að starfsmenn gætu leitað til hjúkrunarfræðings Eflu og netfang hjúkrunarfræðingsins gefið upp.
155. Draga má þá ályktun af orðaskiptum stefnanda við deildarstjóra sinn 19. febrúar 2017, sbr. efnisgrein 43 hér framar, að hún hafi ekki verið vel kunnug því hvernig hún ætti að fara að við að komast í samband hjúkrunarfræðing og þann lækni sem starfsmönnum stóð til boða fyrir fulltingi stefnda Orkuveitu Reykjavíkur ef þörf væri á. Þegar þessi samskipti áttu sér stað voru liðnir rúmir átta mánuðir frá því að forsvarsmaður stefnda greindi starfsmönnum frá því við hvern ætti að hafa samband hjá meðstefnda, sem var svo ekki áréttað aftur svo upplýst sé.
156. Þegar meðstefndi hafði ákveðið að rýma vesturhúsið í febrúar 2017 var sú lausn fundin að starfsemi stefnda DK Hugbúnaðar ehf. flyttist í húsnæði á Smáratorgi 3 sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur tók á leigu í þessu skyni. Á mjög svipuðum tíma fór stefnandi að sinna störfum í fjarvinnu en ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi léð máls á því að stefnandi sinnti starfi sínu í fjarvinnu fyrr en í mars 2017 og þá undir þeim formerkjum að stefnandi varð sjálf að finna sér vinnuástöðu utanhúss í stað þess að stefndi hlutaðist til um öflun húsnæðis fyrir starfsmenn sína sem gátu ekki sinnt vinnu að Bæjarhálsi.
157. Þegar horft er til framgöngu stefnda og hún borin saman við framvindu rannsókna og úrbótatilrauna á vegum meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur frá haustmánuðum 2015 og fram á vormánuði 2017 og upplýsingagjöf beggja þessara aðila til starfsmanna má ráða að nokkur eðlismunur hafi verið þar á. Væntanlega helgast það af því viðhorfi stefnda að fyrirtækið væri þolandi ástandsins sem leigutaki og bæri ekki ábyrgð á því. Í það minnsta liggur ekkert fyrir um að stefndi hafi aflað sjálfstætt upplýsinga frá verkfræðistofunni

Eflu eða öðrum ráðgjöfum um það hvernig hann ætti að ganga fram gagnvart starfsfólki sínu við þessar aðstæður. Stefndi móttók allar slíkar upplýsingar með stefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem milligönguaðila en þær upplýsingar voru, eðli máls samkvæmt, ekki sniðnar að starfsmönnum DK Hugbúnaðar ehf., til dæmis með tilliti til þess hversu þétt starfsmennirnir þyrftu að sitja miðað við fjölda þeirra á 4. hæðinni og með hliðsjón af ástandi hæðarinnar með tilliti til útbreiðslu myglu í samanburði við aðrar hæðir. Líklegt er að slík sjálfstæð upplýsingaröflun hefði getað skipt máli við mat á því hversu óheppilegt væri að dvelja í húsnæðinu fyrir starfsmenn sem voru viðkvæmir fyrir ertingu af myglunni eins og stefnanda sem stefnda mátti vera kunnugt um.

158. Fyrir liggur samkvæmt dómkvöddum matsmönnum og sérfræðilækni sem stefndi Orkuveita Reykjavíkur fékk til ráðgjafar að mengun vegna myglu fer mjög misjafnlega í fólk. Töluverður meirihluti finnur ekki til neinna einkenna og einungis lítill hluti fólks, 1–2% finnur til mikilla einkenna og verður fyrir varanlegum heilsubresti. Svo virðist mega álykta af framgöngu stefnda að forsvarsmenn félagsins hafi ekki áttað sig til hlítar á alvöru málsins með hliðsjón af þeirri staðreynd að fæstir starfsmanna stefnda fundu til verulegra einkenna. Var enda á einum tíma málefnið haft í flimtingum í orðsendingu til starfsmanna. Án þess að talið verði að gráglettni sem þessi ráði úrslitum um ábyrgð stefnda birtist þar ákveðið viðhorf til málefnisins og skortur á frumkvæði í þá átt að vandinn væri annarra að leysa. Stefndi hafi af þessum sökum ekki gefið hagsmunum eigin starfsmanna nægan gaum.
159. Horfa verður til þess að þegar framkvæmdir við úrbætur fóru að dragast og vinda upp á sig um haustið 2016 hafi stefndi sem leigutaki verið í aðstöðu til að krefja meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem leigusala um úrbætur enda ljóst að vart var um fullar efnir á leigusamningi aðila að ræða þegar búið var að skerða hið leigða, bæði í fermetrum talið og aðbúnað starfsmanna. Þá verður að telja að stefndi hefði á þeim tímapunkti átt að bregðast við og huga að heilsufari og vellíðan starfsmanna sinna sjálfstætt og beita sér fyrir slíkri könnun. Ekki nægði einungis að ætla starfsmönnum að hafa að eigin frumkvæði samband við starfsmann meðstefnda Orkuveitu Reykjavíkur til að fá úrlausn heilsufarsmálefna sinna. Í þessu tilliti verður ekki fram hjá því litið að heilsufar og upplýsingar um veikindi eru upplýsingar af því tagi að stefnda mátti vera ljóst að ekki væru allir þess fýsandi að deila þeim með almennum starfsmanni annars fyrirtækis, meðstefnda.

160. Af framansögðu verður ályktað að stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafi átt að grípa sjálfstætt til aðgerða á haustmánuðum 2016 til að verja hagsmuni starfsmanna sinna þegar mygluástand á Bæjarhálsi 1 fór að dragast á langinn – frekar en að bíða átekta eftir að meðstefndi Orkuveita Reykjavíkur leysti úr ágöllum á fasteigninni. Það er fyrst þegar í óefni var komið í desember 2016 og svo á árinu 2017 sem stefndi knúði á um lausnir gagnvart meðstefnda um að útvega annað húsnæði þar sem ekki mætti við búa lengur. Upplýst er með vætti samstarfsmanna stefnanda og mati dómkvaddra matsmanna að einkenni stefnanda fóru versnandi eftir því sem á tímabilið leið. Í ljósi þeirri staðreyndar verður að telja að ef gripið hefði verið til raunhæfra ráðstafana með flutningi starfsemi stefnda, í það minnsta að hluta til þannig að þeim starfsmönnum sem illa þoldu loftslagið á 4. hæð Bæjarháls 1 væri gert kleift að sinna störfum í öðru húsnæði, hefði mátt forða eða draga úr varanlegu heilsutjóni stefnanda. Á þessu athafnarleysi ber stefndi DK Hugbúnaður ehf. sakarábyrgð enda liggur fyrir samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna að heilsubrestur stefnanda sé sennileg afleiðing af veru hennar á vinnustað í hinu skemmda húsnæði. Þótt þekking á þessum tíma á einkennum og afleiðingum sveppagróa hafi verið komin skemmra á veg árið 2016 en nú er mátti stefnda vera þessi áhætta ljós þegar horft er til þeirra upplýsinga sem miðlað var af hálfu ráðgjafa meðstefnda um hlutfall þeirra sem yrðu fyrir einkennum af myglu auk upplýsinga um hlutfall þeirra sem fengju alvarleg einkenni. Upplýst er með vætti samstarfsmanna stefnanda að sjúkdómseinkennum þau sem hún glímdi við hafi ekki farið fram hjá samstarfsfólki hennar þannig að rökrétt hefði verið að álykta að hún væri líkleg til að tilheyra þeim hópi sem fengi mikil einkenni. Slíkt, sem *fór ekki framhjá nokkrum manni*, eins og það var orðað, gaf stefnda tilefni til viðbragða sem hann lét undir höfuð leggjast.
161. Í ljósi alls framangreinds verður fallist á dómkröfu stefnanda gagnvart stefnda DK Hugbúnaði ehf. og þar sem upplýst er að stefndi DK Hugbúnaður ehf. hafði í gildi ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna skaðabótaskylds tjóns verður tryggingafélagið einnig dæmt til að þola viðurkenningu á dómkröfu stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði.
162. Eins og málsatvikum er háttað þykir rétt að málskostnaður falli niður milli stefnanda og stefnda Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.
163. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 15. mars 2021. Allur gjafsóknarkostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála og er þar

með talin er málflytningarskýrsla lögmanns hennar, sem þykir með nokkurri hliðsjón af yfirliti yfir tímaskrift af hans hálfu, vera hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Ekki er unnt að fallast á þóknun í samræmi við nefnt yfirlit að öllu leyti vegna nokkurs tvíverknaðar þar sem tveir lögmennt hafa meðal annarra verið að störfum. Þá er eingöngu ákveðin fjárhæð þóknunar lögmanns, en ekki er að öðru leyti tekin afstaða til þess hvað gjafsóknarhafi mun hafa greitt af kostnaði vegna málsins, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar í máli nr. 668/2022 frá 24. janúar 2024, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 22. apríl 2015 í máli nr. 634/2014. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 128. gr. sömu laga, skulu stefndu DK Hugbúnaður ehf. og Vátryggingafélag Íslands hf. greiða 5.373.420 krónur í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Af hálfu stefnanda flutti málið Björgvin Þórðarson lögmaður og af hálfu stefnda Orkuveitu Reykjavíkur flutti málið Guðmundur Siemsen lögmaður. Af hálfu stefndu DK Hugbúnaðar ehf. og Vátryggingafélags Íslands hf. flutti málið Ólafur Lúther Einarsson lögmaður. Björn L. Bergsson héraðsdómari, sem dómsformaður, Björn Þorvaldsson héraðsdómari og Stefán Þorvaldsson lungnalæknir, sem sérfróður meðdómsmaður, kveða upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Skaðabótaskylda stefnda, DK Hugbúnaðar ehf., vegna líkamstjóns stefnanda, [...], sem rætur á að rekja til viðveru hennar í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, Reykjavík, frá júní 2016 til mars 2017 er viðurkennd. Greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu DK Hugbúnaðar ehf. hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. er viðurkennd vegna líkamstjóns stefnanda af þessum sökum.

Stefndu, DK Hugbúnaður ehf. og Vátryggingafélag Íslands, hf. greiði 5.373.420 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Björgvins Þórðarsonar, 4.316.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi, Orkuveita Reykjavíkur, er sýkn af kröfu stefnanda. Málskostnaður milli þessara aðila fellur niður.

Björn L. Bergsson

Björn Þorvaldsson

Stefán Þorvaldsson